

► Efnisyfirlit ◀

* Inngangur	2
* Leiðbeiningar með handbókinni	3
* 1. hluti - Skipulag félags	4
* 2. hluti - Starf félags	9
* 3. hluti - Fjármálastjórn	14
* 4. hluti - Fræðslumál/menntun	15
* 5. hluti - Samstarf	21
* Fylgiskjal 1 - Dæmi um lög skátafélags	25
* Fylgiskjal 2 - 5 manna stjórn	28
* Fylgiskjal 3 - 3 manna stjórn	29
* Fylgiskjal 4 - Verkefni starfsmanns	30
* Fylgiskjal 5 - Símenntunaráætlun	31
* Fylgiskjal 6 - Reglugerð um hæfi skátaforingja	32
* Fylgiskjal 7 - Drengskaparheit skátaforingja	33
* Fylgiskjal 8 - Fíkni- og vímuefnavarnir	34
* Fylgiskjal 9 - Markmið í friðarmálum	35
* Fylgiskjal 10 - Umhverfisstefna	36
* Fylgiskjal 11 - Útivistaráætlun	37
* Fylgiskjal 12 - Rekstrar- og leigusamningur	38
* Fylgiskjal 13 - Þjónustusamningur	43
* Fylgiskjal 14 - Foreldrastarf	45
* Fylgiskjal 15 - Viðhorfskönnun	46
* Fylgiskjal 16 - Samstarfslýsingar	47
* Gæðamat	48

Á réttri leið - handbók um gæðamat í skátastarfi

Bandalag íslenskra skáta © 2005

Helgi Grímsson

Jón Gréttar Sigurjónsson

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Umbrot og útlit: Einar Elí Magnússon

Teikningar: Stefán Rafn Sigurbjörnsson

Prentun: XXXXXX

Öll réttindi áskilin Skátafélögum með aðild að BÍS er heimilt að nýta Handbókina að vild. Öðrum er ekki heimilt afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, hlóðritun né á annan sambærilegan hátt, að hluta eða heild, án skriflegs leyfis útgefandi.

► Inngangur ◀

Nýtt gæðamat fyrir skátastarf

Hér lítur dagsins ljós handbók um gæðamat í skátastarfi. Gæðamatið hefur tvíþættan tilgang, annan sem snýr að innra starfi félagsins og hinn sem snýr að því umhverfi sem skátafélagið starfar í. Til þess að efla innra starf skátafélags þarf félagsstjórn að skipuleggja starfið fram í tímann, setja ramma utan um það og marka því stefnu. Stjórnir skátafélaga þurfa því að spyrja sig hvað þær ætli að gera og hvernig, hvaða áherslur ætlar félagið að hafa og hvernig eiga þær að koma fram. Með markvissu starfi stjórnar aukast líkur á að starfið í skátasveitunum eflist og þannig skipta störf stjórnar verulegu máli fyrir skátana og foreldra þeirra. Þegar félag hefur hlotið gæðaviðurkenninguna getur það á áþreifanlegan hátt sýnt sveitarfélagi, fyrirtækjum og öðrum að á vegum þess fari fram gæðastarf sem hlotið hafi viðurkenningu Bandalags íslenskra skáta.

Gæðamatinu er skipt í fimm hluta: Skipulag félags, starf félags, fjármálastjórn, fræðslumál/menntun og samstarf). Hverjum hluta fylgja dæmi, leiðbeiningar og útskýringar þar sem talið var að það þyrfti. Dæmin eru einungis ætluð til leiðbeiningar og á ekki að taka sem algildum sannleik um hvað sé sannast og réttast í skátastarfi. Skátafélög eru hvött til að sníða þau að eigin aðstæðum því mestu skiptir að félög sníði sér stakk eftir vexti.

Á skátáþingi 2004 var umræða um gæðamat í skátastarfi og stjórn BÍS falið að vinna að þróun gæðamats fyrir skátafélög. Fyrstu drög að gæðamati voru

unnin af Helga Grímssyni og Unni Ósk Unnsteinsdóttur. Haustið 2004 tók Jón Grétar Sigurjónsson ásamt Unni við verkefninu. Gæðamatið var kynnt á skátáþingi 2005 eftir að hafa hlotið samþykki starfsráðs og stjórn Bandalags íslenskra skáta.

Textinn í undirköflum og dæmum er fenginn úr ýmsum áttum, nokkuð er byggt á gæðamatskerfi ÍSÍ (fyrirmyndarfélag ÍSÍ) og „SQS - System for Quality Scouting“ frá írsku skátunum (Scouting Ireland). Lögin sem fylgja hér eru unnin upp úr lögum Skátafélagsins Hraunbúa þó með ýmsum smávægilegum breytingum. Samstarfssamningar skátafélags og bæjarfélags eru samningar Hraunbúa við Hafnarfjarðarbæ og Heiðabúa við Reykjanesbæ. Annar texti kemur að miklu frá Helga Grímssyni og er honum þakkað fyrir afnot af textanum. Við þökkum einnig þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plögin við gerð þessa verkefnis.

Þau viðmið sem eru sett hér eru á engan hátt algild og óbreytanleg. Það er næsta víst að breytingar munu verða á þessu mati á næstu árum, þegar reynsla fæst á þau atriði sem spurt er um hér. Mörg atriða sem eru á listanum munu virðast hjákátleg öflugum og stórum skátafélögum. Þetta er með vilja gert. Spurningar um slík atriði hjálpa þeim sem eru að koma upp skátastarfi að feta sig áfram, hvort heldur sem verið er að endurbyggja félag sem fallið hefur í gleymsku eða byggja upp gamalt félag sem ekki hefur náð að dafna.

Reykjavík, 30. ágúst 2005
Jón Grétar Sigurjónsson
 verkefnisstjóri

► Leiðbeiningar ◀

Leiðbeiningar vegna handbókar

Á blaðsíðu 48 er gátlisti yfir þá þætti sem hafðir eru til hliðsjónar við framkvæmd gæðaviðurkenningarinnar. Eins og áður hefur komið fram eru þetta sex þættir og eru undirþættir við suma þeirra. Til að hljóta gæðaviðurkenningu frá BÍS þarf félag að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram á gátlistanum eða sýna fram á að stefna þangað á næstu misserum. Þó geta sumir þættir verið þess eðlis að ekki er hægt að uppfylla þá. Þarf þá að koma skýrt fram á umsóknareyðublaði hvaða þættir það eru og rökstuðningur ásamt gögnum sem styðja að undanþága sé veitt.

Nauðsynlegt er að skoða vel þá þætti sem merkt er NEI við á gátlistanum. Hver þátturhefur sinn kafla í handbókinni og eru þar leiðbeiningar um hvernig best er að hagavinnu sinni í þá átt að ná fram þeim skilyrðum sem þarf til að hljóta gæðaviðurkenningu BÍS. Nauðsynlegt er að skoða alla handbókina þó svo að viðkomandi telji að ákveðnirþættir séu þegar uppfylltir, því undir hverjum kafla kemur fram hvaða gögn þurfa að fylgja umsókninni.

Áður en sótt er um gæðaviðurkenningu er nauðsynlegt fyrir stjórn félagsins að setjast niður með öllum þeim aðilum er koma að starfi félagsins og fara yfir hvern þátt fyrir sig, því það er þrennt sem gæðaverkefnið gengur út á:

1 Að sem flestir í félaginu, stjórn, foringjaráð, foreldraráð og aðrar nefndir, setjist niður og ræði málefni félagsins. Nauðsynlegt er að allir miðli reynslu sinni, þekkingu og skoðunum til að ná fram sem bestum árangri í starfinu.

Magn þeirra gæða sem síðan nást innan hvers skátafélags er háð vilja félagsmanna og vinnulagi þess. Því fleiri sem taka þátt, því meiri möguleiki er á því að vel gangi hjá félaginu. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og því er mikilvægt að allir taki þátt í þessari vinnu og samræmi markmið sín og vinnuáðferðir.

Hvað getum við gert fyrir félagið?

2 Að félagið vilji gera betur en það gerir í dag og því er nauðsynlegt að meta starfið í heild sinni, kosti og galla, tækifæri og ógnanir. Alltaf er hægt að gera gott félag betra.

3 Að bæta ímynd félagsins. Því er nauðsynlegt að meta hvern þátt gæðaviðurkenningarinnar út frá því:


- hvað erum við að gera í dag?
- hvað ætlum við að bæta, að hverju ætlum við að snúa okkur?
- hvernig ætlum við að komast þangað, ná okkar markmiðum?
- hver ber ábyrgð á hverjum þætti?
- hvenær á viðkomandi þætti að vera náð?

Kjörorð skáta er „Ávallt viðbúinn“! Með gæðamatinu erum við að gera skátafélögum kleift að standa undir þessum orðum og eyða óvissuþáttunum í starfinu. Með faglegra og markvissara starfi náum við að standa undir markmiðum okkar.

Heimurinn er í stöðugri þróun og þar er starf og starfsumhverfi skátahreyfingarinnar ekki undanskilið. Því er mikilvægt að markmið og starf félagsins sé í stöðugri endurskoðun. Það sem gert er í fyrstu atrennu þarf ekki að vera fullkomið því að allt þróunarstarf tekur sinn tíma. Þó svo að félag hljóti viðurkenningu BÍS sem skátafélag „á rétttri leið“ er ekki þar með sagt að félagið getið andað léttar og tekið lífinu með ró.

Gæðaviðurkenningin á að kalla á virkara eftirlit almennings, foreldra, forystumanna sveitarfélaga og skátanna sjálfra og því er nauðsynlegt fyrir stjórn hvers félags að halda vöku sinni og vera stöðugt með hugann við starfið. Gæðaviðurkenning er veitt til þriggja ára og þarf þá að sækja um á nýjan leik en félag sem hlýtur viðurkenningu BÍS sem skátafélag „á rétttri leið“ þarf að skila inn á hverju ári skýrslu um starfið.

► 1. hluti ◀



Skipulag félags

Lög félags:


Skátafélög þurfa að setja sér lög þar sem kemur fram m.a. nafn félagsins, hvar það er staðsett, tilgangur þess og uppbygging sem og dagskrá aðalfundar. Athugið að þetta er ekki tæmandi lýsing á því sem þarf að koma fram í lögum félags.

* Dæmi um lög skátafélags eru í fylgiskjali 1.

Skipurit liggja fyrir og sé skýrt og skiljanlegt:

Til að allir innan félags geri sér grein fyrir hlutverki sínu og hvert á að leita með verkefni eða vandamál verður skipulag félagsins að vera gegnsætt og skýrt. Einfaldasta leiðin til að setja niður skipulag félags er að gera skipurit. Í skipuritinu koma fram öll ráð innan félagsins og verkefnahópar auk hefðbundinna eininga eins og sveita (og flokka) í röð eftir ábyrgð og hlutverki. Skipulag félagsins getur hinsvegar breyst og því þarf skipuritið einnig að vera breytanlegt og sem oftast í endurskoðun.

Hér er dæmi um skipurit félags



[Mynd 1. skipurit félags]

Aðalfundur skátafélags:

Starf skátafélaga byggir á lýðræði. Aðalfundur skátafélags fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Á aðalfundi er gert upp starf og fjármál seinasta árs, teknar ákvarðanir um komandi starfsár og kosið

► Skipulag félags ◀

í ábyrgðarstöður. Í lögum félagsins skal vera kveðið á um hvernig skuli boða til aðalfundar. Hafa skal í huga að allir sem seturétt eiga á aðalfundi fái fundarboðið. Ath. að skv. lögum BÍS á fulltrúi BÍS seturétt á aðalfundi skátafélaga.

Félagsstjórn:

Félagsstjórnin er kosin á aðalfundi og fer með æðsta vald innan félags milli aðalfunda. Félagsstjórnin tekur mikilvægar ákvarðanir fyrir félagið en leggur mál er varða dagleg störf fyrir foringjaráð. Hlutverkaskipting og skipting ábyrgðar innan stjórnar verður að vera skýr svo stjórnin geti sinnt starfi sínu sem skyldi og upplýsingaflæði sé sem best. Það er mikilvægt að félagsstjórnir séu vel meðvitaðar um hlutverk sitt. Félagsstjórn verður að koma samhent að verkefnum og það er lítil tilgangur í að fylla stjórnir af fólki sem hefur hvorki nennu né tíma til þess að standa í félagsstarfi, leggur ekkert að mörkum og myndar hjáróma já-hóp.

Stjórn skátafélags hefur ákveðin málefni á sinni könnu. Þessum verkefnum verður að skipta milli stjórnarmanna þannig að allir beri ábyrgð á starfinu og finni fyrir gleði af þátttöku sinni í skátastarfi. Félagsstjórn er tengill félagsins, gagnvart foreldrum, skátasambandi, bandalagi, fjölmiðlum og sveitarstjórn. Félagsstjórnin þarf að tryggja upplýsingastreymi, dreifa verkefnum og stjórna stefnumörkun félagsins. Hlutverk stjórnar er einnig að halda utan um fjármál, fasteignir og búnað félagsins. Einnig þarf félagsstjórn að halda utan um öll gögn sem varða félagið, sögu þess og framtíð. Síðast en ekki síst þarf félagsstjórn að hlúa að sjálfbærðunum og hvetja þá áfram í starfi. Verkaskipting er því mikilvæg en hver þarf að vera tilbúinn til að aðstoða aðra þegar þörf er á.

Verkefni stjórnar:

Þættir sem stjórn skátafélags þarf m.a. að sinna eru eftirfarandi:

- Framfylgja lögum félagsins og annast störf þess milli aðalfunda.

- Sjá um stefnumótun og áætlanagerð félagsins (til lengri og skemmri tíma), sérstaklega hvað varðar viðburði á vegum félagsins, mannauð, fjárreiður, uppbyggingu húsnæðis og aðstöðu og félagafjölda.
- Annast upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við Bandalag íslenskra skáta, viðkomandi skátasamband/ og eða sveitarstjórn.
- Annast upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við ýmis félagasamtök í sveitarfélaginu.
- Veita félagsmönnum og verkefnahópum upplýsingar sem varða störf þeirra t.d. frá BÍS og sveitarstjórn.
- Skipuleggja samskipti, upplýsingagjöf og samstarf við foreldra.
- Upplýsa almenning um störf skátafélagsins t.d. með fréttabréfum og heimasíðu.
- Standa fyrir viðburðum og þjónustuverkefnum í sveitarfélaginu.
- Sjá um fjárreiður félagsins.
- Halda skrá um skráða félaga, fyrrverandi og núverandi.
- Halda skrá um þær viðurkenningar sem félögum hlötnast.
- Annast innheimtur félagsgjalda.
- Annast viðhald og betrubætur húsnæðis og annarra eigna félagsins: Skátaheimili, skátaskáli, viðlegubúnaður, leiktæki, verkfæri, áhöld, tæki, skrifstofubúnaður, húsgögn, viðurkenningar og skátaminjar.
- Annast ráðningu starfsmanna/starfsmanns og foringja og veita þeim erindisbréf.
- Skipuleggja foringjapjálfun félagsins.
- Samhæfa störf skátadeilda/skátasveita.
- Veita deildarforingjum og skátasveitum upplýsingar, eftirlit og hvatningu í starfi.
- Halda árlega aðalfund þar sem flutt er skýrsla stjórnar og fram bornir ársreikningar félagsins.

Verkaskipting stjórnar

Það verður að vera festa á starfi stjórnar. Ef ekki ríkir festa getur stjórn ekki stutt nægjanlega við skátastarfið og það orðið til þess að of mikið leggst á sveitarforingja félagsins.

Hún verður að funda reglulega á föstum fundar-

► Skipulag félags ◀



tímum og sjá til þess að allir séu boðaðir til þeirra með góðum fyrirvara. Félagstjórn verður að gefa út félagsáætlun sem tekur mið af starfsáætlun BÍS. Það er betra að hafa færri viðburði á dagskrá sem hægt er að standa sómasamlega að heldur en að hafa viðameiri dagskrá þar sem liðir falla um sjálfa sig. Þannig geta skátasveitirnar betur skipulagt starf sitt og sveitirnar öðlast aukið sjálfstæði í starfi. Stjórn verður að boða til aðalfundar félagsins á hverju ári þar sem borin er upp skýrsla stjórnar og reikningar félagsins.

Fjöldi þeirra sem sitja í stjórnnum skátafélaga er misjafn. Það er mikilvægt að félag sníði sér stakk eftir vexti. Hver og einn stjórnarmaður verður að hafa hlutverk sem hann axlar fúslega. Það er æskilegra að fá fullorðna skáta til að sinna störfum sveitarforingja en að láta þá vera óvirka stjórnarmenn.

Fimm manna stjórn

Í fylgiskjali 2 er hugmynd að verkaskiptingu í fimm manna stjórn í skátafélagi sem telur 150 eða fleiri skáta.

* Sjá fylgiskjal 2 aftast.

Þriggja manna stjórn

Ef félag telur færri en 150 þarf stjórn ekki að vera skipuð fleiri en þremur. Í fylgiskjali 3 má sjá tillögur að verklýsingum 3ja manna stjórnar. Í því tilviki er reiknað með því að innra starfi félagsins stjórnir

deildarforingi sem situr ekki endilega alla fundi stjórnar.

* Sjá fylgiskjal 3 aftast.

Vinnuhópar og nefndir

Eitt sérkenna skátahreyingarinnar er að dreifa ábyrgð og valdi. Hverju skátafélagi er mikilvægt að hafa trausta bakhjarla sem taka að sér afmörkuð verkefni sem ýmist eru skammtímaverkefni s.s. skeytasala, flöggun á 17. júní eða verkefni sem taka lengri tíma s.s. skálastjórn, húsnefnd, útgáfunefnd, fjármálanefnd, foringjaþjálfundarnefnd og foreldraráð. Það er gott að fulltrúi stjórnar starfi með hverri nefnd en ef félag er fámennt gæti það orðið of mikið álag og því mikilvægt að fá aðra til þess að leiða störf þessara nefnda. Ef stjórn er fámenn er mikilvægt að stjórn haldi fund með formönnum vinnuhópa og nefnda.

Heppilegt er að í vinnuhópum og nefndum séu dróttskátar, eldri skátar og foreldrar. Fjáröflunarnefnd og húsnefnd er best að skipa eldri skátum og foreldrum sem sinna ekki að ráði öðru skátastarfi.

Í litlum félögum og félögum með fáa bakhjarla er bent á Landvættaleiðina, þ.e. að búa starfsárið niður í litlar einingar og fá foreldra allra skátanna (sérstaklega ylfinga og yngstu skátanna) til þess að skrá sig á einn til þrjá viðburði þar sem foreldrar lofa vinnuframlagi í tvær til fjórar klukkustundir. Þegar viðburður nálgast er haft samband við foreldra og loforðið hermt upp á þá og þeim gefin nánari fyrirmæli. Þegar þeir koma svo til vinnu er afar mikilvægt að þeir njóti þátttöku af störfum sínum og fái stuðning, hvatningu og þakkir fyrir að starfi loknu. Það þarf að lágmarki tvö starfsár til þess að áætlun af þessum toga festi rætur.

Foringjaráð/félagaráð:

Stjórnin getur ekki verið með fingurna í öllu sem fram fer innan skátafélags og þeir sem sjá um hið daglega starf skátafélags eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatökur. Þess vegna ætti að

► Skipulag félags ◀

vera starfandi foringjaráð í hverju félagi þar sem allir foringjar (sveitarforingjar og æðri) hafa sæti og atkvæðisrétt. Kosningarétt hafa einungis þeir sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð um hæfi skátaforingja. Fyrir foringjaráðið ættu að fara öll mál sem snerta starf í skátasveitum með beinum hætti.

Ekki hafa öll skátafélög foringjaráð en kjósa að hafa félagsráð í stað þess. Í félagsráði sitja auk foringja félagsins formenn eða fulltrúar verkefnahópa, skálastjórna, Gildiseininga á svæðinu, Landsbjargar-einingar í bæjarfélaginu og fleiri fulltrúar sem þurfa þykir. Sá háttur leyfir fleiri aðilum að koma að ákvörðunum er varða skátastarf í félaginu. Hins vegar geta slíkir fundir orðið langir og ekki víst að allir fulltrúar sem seturétt hafa á fundinum telji sig eiga erindi þar.



Ýmsir verkefnahópar og ábyrgðaraðilar:

Innan skátafélaga starfa oft verkefnahópar eða ábyrgðaraðilar sem sinna afmörkuðum verkefnum og oft í afmarkaðan tíma. Til að ekki komi upp miskilningur um hlutverk og til að koma í veg fyrir tvi-verknað verður að setja niður starfslýsingar hópanna áður en þeir byrja verkefni. Það þarf til dæmis að vera skýrt hvort mótsstjórn félagsmóts á bara að sjá um mótið sjálft eða hvort hún á líka að sjá til þess að skátar innan félagsins komist á mótið og þurfi að skipuleggja ferð þeirra. Það er þó ekki nóg að setja niður á blað hvað hver á að gera heldur verður það að vera öllum aðgengilegt og skýrt og þar sem hlutirnir geta breyst verða starfslýs-

ingarnar einnig að vera breytanlegar og sveigjanlegar.

Fundargerðir:

Í fundargerðum þarf að koma fram hverjir voru að funda (stjórn, deildarráð, skálastjórn), hverjir mættu, hvenær fundur var settur og hvenær honum var slitið og hver dagskráin var. Ekki er nauðsynlegt að skrifa niður orðrétt hvað allir sögðu um öll málefni, nóg er að reyfa aðalatriði í umræðum og niðurstöðuna. Ef einhver sem situr fundinn fer fram á að orð hans eða skoðun sé bókuð sérstaklega skal það gert.

Starfsmaður:

Síðastliðin ár hafa fjölmörg skátafélög ráðið til sín starfsmenn til þess að styðja við störf sjálfbóðaliða. Það hefur reynst vel að ráða starfsmann sem ekki hefur verið foringi í félaginu. Þannig fæst nýtt blóð í félagið og nýjar hugmyndir. Ef starfsmaður er úr félaginu „fækkar“ sjálfbóðaliðum um einn auk þess sem hann lendir oft í tilvistarvanda sem fyrrverandi jafningi hinna foringjanna. Ekki er mælt með ráðningu vina og vandamanna í störf starfsmanns nema aldur, menntun og þroski bjóði upp á annað.

Störf starfsmanna skátafélags geta verið af margvíslegum toga. Afar mikilvægt er að starfsmaður sé meðvitaður um verkefni sín og skyldur og þau séu tilgreind í verksamningi. Það er mikilvægt að innan ráðningarrámmans sé sveigjanleiki til þess að mæta álagspunktum í starfi. Vinnutími miðast við þann tíma sem skátaheimilið er opið auk þess sem reikna þarf með viðveru í tengslum við útlíf félagsins og önnur verkefni sem starfsmanni eru falin. Eðlilega er vinnutíminn mislangur eftir vikum, þannig að reikna þarf með einhverju eðlilegu meðaltali. Allar greiðslur á að telja fram til skatts. Í verksamningi á meðal annars að fjalla um verkefni starfsmanns, vinnuskyldu og viðveruskyldu. Einnig þarf að koma fram gildistími samnings og uppsagnarákvæði.

* Dæmi um verkefni starfsmanns má sjá í fylgiskjali 4.

► Minnisblað ◄

► 2. hluti ◀



Starf félags

Til að starf skátafélags sé markvisst þarf að fara fram stefnumótun og áætlanagerð. Ekki er vænlegt til árangurs að hripa niður á blað dagsetningar og atburði, heldur þarf að gera ítarlega framkvæmda-áætlun. Framkvæmdaáætlun má skipta niður í níu þrep:

1. þrep. Greining á núverandi ástandi

Allir sem hafa afskipti af áætlanagerð ættu að hafa skýra hugmynd um hvar eigi að byrja. Hafa verður skýra mynd af félaginu á hverjum tíma. Hver er styrkleiki og veikleiki þess, hvaða vandamál þarf að yfirstíga; hvað þarf að varðveita, hverju þarf að bæta við og hverju þarf að breyta? Fá má ýmsar gagnlegar upplýsingar í árskýrslum, könnunum og með viðtölum við skátana, foreldra og foringja.

2. þrep. Greining á ytri aðstæðum

Til að taka ákvörðun um aðgerðir í framtíðinni þarf að hafa góða þekkingu á straumum og stefnum í því samfélagi sem félagið starfar. Það þarf að gera sér grein fyrir þeim samfélagsöflum sem líkleg eru til að hafa áhrif í framtíðinni.

3. þrep. Markmið

Mikilvægt er að byrja á að athuga yfirmarkmið félagsins; val á forgangsverkefnum verður byggt á þessum grundvallarreglum. Markmið félagsins er oft að finna í lögum og reglugerðum þess. Til þess að markmið félagsins sé raunhæft þarf að samhæfa væntingar þeirra aðila sem tengjast félaginu á einn eða annan hátt: skátanna, foreldra, foringja, sveitarstjórna, BÍS, alheimssamtaka skáta o.s.frv.

4. þrep. Framtíðarsýn

Á grundvelli þeirra gagna sem aflað hefur verið um félagið og umhverfi þess er næsta skref að huga að framtíðinni og gera sér mynd af félaginu eins og við myndum vilja sjá það eftir þrjú til fimm ár. Þessi framtíðarsýn ætti að sýna á raunhæfan hátt hvernig félagið verður þegar það hefur leyst þau verkefni sem framundan eru.

Það er mikilvægt að hafa í huga að oft er erfitt að skilgreina nákvæmlega menntunar- og uppeldisleg markmið skátastarfs og hvernig sé best að meta hvort að skilgreindum markmiðum hafi verið náð. Þau eru engu að síður forsenda markvissra aðgerða

► Starf félags ◀

og einnig að samstaða sé um markmið og leiðir. Þegar markmið hafa verið skilgreind og leiðir skýrðar er auðveldara að forgangsraða verkefnum.

5. þrep. Forgangsverkefni

Þegar framtíðarsýnin hefur verið mótuð er kominn tími til ákvarðanatöku. Hvaða aðgerðir eru líklegar til þess að stuðla að því að markmið náist? Hvaða málefni er mikilvægast og mest áriðandi? Venjulega er um að ræða þrenns konar forgangsverkefni:

- ▶ þau sem miða að því að bæta þau störf og þá þjónustu sem eru nú þegar í boði, t.d. auka gæði starfs í skáta- sveitum, efla útlíf, auka öryggi í skátastarfi og finna krefjandi verkefni fyrir dróttskáta.
- ▶ verkefni sem skapa ný sóknarfæri, t.d. skipuleggja starf fyrir nýja aldurshópa, skipuleggja starf á nýjum árstíma, skipuleggja starf á nýjum forsendum t.d. samstarf við siglinga- klúbba, hjólréiðaklúbba, björgunarsveitir eða listasmiðjur.
- ▶ verkefni sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félags- ins, t.d. bæta upplýsingastreymi, hafa sveitarforingja- þjálfun markvissari, efla foreldrasamstarf, gera stjórnar- fundi markvissari o.s.frv.

Halda þarf góðu jafnvægi milli þessara þriggja flokka. Þar sem fjárráð og mannaflí skátafélaga eru takmörkuð er mikilvægt að taka einungis fá for- gangsverkefni fyrir hverju sinni (ef til vill 3-5)

6. þrep. Að velja takmark

Nú þarf að velja eitt eða fleiri takmörk fyrir hvern flokk forgangsverkefna. Takmark sem sýnir að félagið sé á rétttri braut. Takmark þarf að vera afmarkað, raunhæft, mælanlegt og hægt að ná því innan tiltekins tímabils. Varast þarf að leggja of mikla áherslu á einn flokk á kostnað annars, t.d. að hefjast handa um að hefja ljósálfastarf en gleyma að efla foringjaþjálfunina.

Við getum spurt okkur eftirfarandi spurninga til

þess að hugleiða mikilvægi hvers atriðis:

- ▶ Er þetta takmark raunhæft í ljósi aðstæðna?
- ▶ Hvernig er hægt að mæla að takmarkinu hafi verið náð?
- ▶ Er takmakið skýrt öllum sem bera ábyrgð á verkefninu? Eru þeir sammála um mikilvægi þess?

7. þrep. Áætlun um aðgerðir

Það þarf að takast á við fjölda verka og aðgerða til þess að takmarki verði náð. Verkefnum ætti að skipta niður á nokkra einstaklinga og hópa sem þurfa að skilgreina hinar ýmsu aðgerðir, hvernig þeim verður hrint í framkvæmd og hver séu tíma- mörk. Með samstarfi og markvissri stjórnun er samið um verkskiptingu, skilgreint hvaða fjármunir og mannaflí er tiltækur og sett fram tímaáætlun.

8. þrep. Fjárhagsáætlun

Fjármunir og mannaflí ákvarða að miklu leyti hvort takmarki verði náð og hvort áætlunir komist í fram- kvæmd. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hvaða mannafla og búnað þarf til þess að hrinda í framkvæmd hverjum einstökum þætti áætlunarinnar og meta kostnað:

- ▶ launakostnað
- ▶ rekstrarkostnað (ferðir, prentun, útbúnað o.s.frv.)
- ▶ eignaumsýsla (rekstur heimilis, rekstur skála, útbúnaður o.s.frv.)

Síðan þarf að gera tekjuáætlun (eigin sjóði félags- ins, styrkir, sala, ýmis konar stuðningur o.s.frv.). Á þennan hátt má setja fram fjárhagsáætlun fyrir hvern einstakan lið áætlunarinnar ásamt heildarfjár- hagsáætlun.

► Starf félags ◀


9. þrep.

Framkvæmd og mat

Lykilatriði í framkvæmd áætlunar er mat á henni. Grundvallarhlutverk mats er að leggja mat á gildi eða gæði þess sem er metið. Mat byggir á samamburði á því sem metið er og skilgreindum viðmiðunum. Til þess að matið ná tilgangi sínum þurfa að liggja fyrir skilgreiningar sem fela í sér þessi viðmið. Það ræðst því af viðmiði hvort foringjar félagsins séu starfi sínu vaxnir, hvort það eru margir eða fáir í félaginu eða hvort skátaskálinn og skátaheimilið bjóði af sér góðan þokka og sé sniðið að þörfum skátastarfs. Viðmiðin sem notuð eru hverju sinni eru ákvörðunaratriði. Staðreyndin er hins vegar sú að það sem einum þykir gott þykir öðrum miður gott. Það er því mikilvægt þegar reynt er að meta gæði skátastarfs að samhugur ríki um viðmið. Þetta er gert um leið og takmörk eru ákveðin.

Starfsáætlun komandi starfsárs

Til að koma í veg fyrir endurtekningar og til að halda ákveðnum stíganda í skátastarfi á hverju starfstímabili er nauðsynlegt að setja niður starfsáætlun fyrir hvert starfsár þar sem fram kemur hvað á að vera megin viðfangsefni tímabilsins. Að sjálfsögðu er með starfsáætlun eins og flest annað að ekki er hægt að negla hana niður án allra breytinga og því má búast við að farið verði út af sporinu hér og þar en ef foringjar hafa stikur og steina til að miða sig við er auðveldara að komast klakklaust á leiðarenda.



Mikilvægt er að allar einingar félagsins skipuleggi starf sitt fram í tímann. Skálastjórnir geri áætlun um hvað þurfi að gera við næst, hvenær skuli gera það og hvað það komi til með að kosta; sveitir geri starfsáætlanir og áætli foringja, hverjir þurfi námskeið, hvert skuli fara í útilegur og hverjir muni sjá um þær. Stjórnir geri áætlanir um fjölgun í félaginu, hverjir verði foringjar og hvað skuli gera við peninga félagsins svo dæmi séu tekin. Ekki er hægt að segja nákvæmlega hvað það er sem þarf að koma fram í slíkum áætlunum, það hlýtur alltaf að markast af stærð félagsins og aðstæðum þeirra hverju sinni. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að áætlanir eru einungis það, áætlanir. Þær eru ekki lokaplagg sem ber að fara eftir blindandi óháð breyttum aðstæðum. Flokksforingi sem skipulagt hefur innifund en sér svo að veðrið býður upp á góðan útifund ætti að hliðra áætlun, vond umgengni í skálum getur flýtt því að gera þurfi við þá og góð umgengni getur orðið til þess að minna þarf að gera.

Áætlanir stjórnar þurfa að vera aðgengilegar skátum í félaginu og forráðamönnum þeirra. Sendið því áætlanir heim með skátunum, í tölvupósti og hengið þær upp í skátaheimilinu.

Í áætlunum þurfa að koma fram markmið skátastarfs og hvernig verkefni sem valin eru munu hjálpa til við að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Mikilvægt er að starfsáætlun og markmið séu sett í lengri tíma en eitt ár. Með því móti eiga nýjir stjórnendur auðveldara með að taka við og foreldrar og aðrir sem ekki koma beint að starfinu sjá markviss vinnubrögð og að horft er til framtíðar. Í slíkri áætlun þarf m.a. að koma fram markmið félagsins í:

- Menntunarmálum (hverjir eiga að fara á námskeið og hvað eiga þeir að læra?),
- Fjölgun skáta í félaginu (taka þarf tillit til fjölda ungmenna í bæjarfélaginu og að nægilega margir foringjar séu í skátafélaginu)
- Samstarfsverkefni (við hverja ætlar félagið að eiga samstarf og hvernig á því að vera háttað?)


► Starf félags ◀

Félagatal


Mikilvægt er að skátafélög haldi vel utan um hverjir hafa starfað með félaginu. Þetta auðveldar samskipti við féлага sem eru starfandi sem og þá sem yfirgefið hafa félagið. Með góðu félagatali er einnig hægt að fylgjast með sveiflum í fjölda starfandi skáta og aldri þeirra. Það ætti að auðvelda viðbrögð við skyndilegri fækkun í félaginu.

Nýliðun


Til að starfið haldist gangandi þurfa sífellt að bætast nýir skátar í félagið. Félagið þarf því að setja sér skýr markmið um fjölgun féлага og áætlun um hvaða leiðir skuli fara til að ná þeim markmiðum. Þegar gerð er áætlun um vöxt félagsins er sérstaklega mikilvægt að skilgreina störf fullorðinna í félaginu. Gera skal starfslýsingu fyrir vinnuhópa og hvern og einn fullorðinn skáta sem greinir skilmerkilega frá hvaða kröfur eru gerðar varðandi viðhorf, þekkingu og leikni. Þetta er nauðsynlegt til þess að kraftar fullorðinna nýtist sem best.



► Minnisblað ◀



▶ 3. hluti ◀



Fjármálastjórn

Hlutverk skátafélaga er að standa fyrir öflugum skátastarfi. Skátafélög þurfa fjármagn til rekstrar og uppbyggingar félagsins þó svo að skátastarfið sé ávallt haft að leiðarljósi. Tekjur félags koma einkum frá:

Félagsgjöldum

Það er grundvallarregla að allir félagsmenn, jafnt ungt fólk sem foringjar, greiði félagsgjald. Upphæð félagsgjalda þarf að standa undir skilgreindum hluta rekstrarins. Eðlilegt er að taka mið af félagsgjöldum samsvarandi félagasamtaka á svæðinu en gæta þarf þess að upphæðin takmarki ekki þátttöku í skátastarfi. Skilgreina verður hvað er innifalið í árgjaldinu og sjá til þess að skátarnir fái það sem þeir borga fyrir.

Sölu á skátavarningi

Mörg skátafélög selja skátavörur frá BÍS í umboðssölu. Tilgangurinn er að veita skátunum betri þjónustu en það er síðan ákvörðunaratriði stjórnar hvort umboðslaunin renni beint til skátanna eða í félagsjóð.

Söluverkefnum og dreifingu

Skátafélög hafa sýnt mikla útsjónarsemi í fjáröflun: sölu á skátaskeytum, happdrættismiðum, rækjum, harðfiski og annarri matvöru, blómum, rekstrar- og hreinlætisvörum, flugeldum, jólatrjám, veitingum á hátíðum, blaðaútgáfu og dreifingu á ýmsum gögnum og dreifiritum o.s.frv. Félagstjórn þarf að finna hinn gullna meðalveg og gæta þess að ekki fari of mikill tími skátanna í fjáröflun.

Styrktaraðilar

Nokkur félög hafa fundið styrktaraðila s.s. fyrirtæki sem styrkja ákveðin störf eða ákveðin verkefni.

Opinber fjárframlög

Flest skátafélög fá fjárframlög frá sveitarfélögum t.d. til að standa undir kostnaði vegna byggingu, viðhalds og rekstrar skátaheimilis og skátaskála, þjálfunar fullorðinna eða sérverkefna. Sum sveitarfélög greiða einnig laun starfsmanna, að hluta eða öllu leyti. Skátafélög geta í ákveðnum tilfellum fengið styrki til sérverkefna í gegnum Evrópusambandið (t.d. í gegnum verkefnið Ungt fólk í Evrópu).

► Fjármálastjórn ◀

Þjónustuverkefni

Mörg skátafélög standa árlega fyrir þjónustuverkefnum sem sveitarfélög styrkja. Meðal verkefna eru áramóta- og þrettándabrennur, störf á hátíðum eins og á sumardaginn fyrsta, 17. júní, afmælum sveitarfélags eða verslunarmannahelgi, rekstur tjaldstæða og farfuglaheimilis, hreinsunarverkefni o.fl.

Fjárhagsáætlun starfsárs og samþykktir reikningar síðasta árs


Gott skátafélag þarf að vera rekið eins og gott fyrirtæki þegar kemur að fjármálum. Allt of oft er staðreyndin sú að skátafélög skortir fjármuni til framkvæmda. Ekki bætir þá úr skák ef fjármálin eru í óreiðu og enginn veit hvaðan tekjur koma og hvernig þeim er varið. Til að koma skipulagi á fjármálin er fyrsta skrefið að gera upp síðasta ár og gera áætlun fyrir komandi starfsár. Reikningar síðasta árs þurfa að innihalda greinagóðar skýringar á tekjum (árgjöld, vörusala, safnanir og fleira) og gjöldum.

Einnig þarf að koma þar fram hvað skátafélagið á af fjármunum og hvar þeir eru geymdir (t.d. hvort þeir eru í hlutabréfum, á bankareikningum eða í eignum s.s. skátaheimili). Reikningarnir þurfa svo að vera endurskoðaðir af utanaðkomandi aðilum og samþykktir af aðalfundi.


Fjárhagsáætlun félagsins þarf að vera, eins og allar aðrar áætlanir, raunhæf og gegnsæ. Fjárhagsáætlun verður að taka mið af öðrum áætlunum félagsins svo sem þátttakendafjölda á næsta starfsári, ferðum, mótum, söfnunum og þessháttar.

Eignaskrá og viðhald

Flest félög eiga eitthvað af eignum s.s. skátaskála, skátaheimili eða jafnvel bíl. Til að viðhalda þessum verðmætum sem best þarf hvert skátafélag að gera sér grein fyrir því hvað það á og hvernig er best að halda því við. Því ætti hvert skátafélag að eiga eignaskrá og áætlun um viðhald eigna.



► 4. hluti ◀



Fræðslumál/menntun

Fræðsluforingi

Í félaginu þarf að vera starfandi fræðsluforingi. Hlutverk fræðsluforingja er að halda utan um stöðu fræðslumála í félaginu og miðla þeim upplýsingum til Fræðsluráðs BÍS sem og meta stöðuna fyrir námskeið innan félagsins. Þetta felur m.a. í sér að halda rafræna skrá yfir hverjir hafa lokið flokks- og sveitarforingjanámskeiðum, Gilwell og leiðbeinendanámskeiðum og hverjir ættu að fara á slík námskeið. Fræðsluforingi þarf að vera virkur og í nánú samstarfi við sveitarforingja til að starf hans gagnist félaginu sem best.

Fræðsluforingi getur verið meðlimur í stjórn félagsins, starfsmaður þess, starfandi sveitarforingja eða dróttskáti.

Símenntunaráætlun félags

Hvert skátafélag setur lágmarkskröfur um menntun foringja sinna og eru þær mismunandi eftir félögum.

Hins vegar er nýbreytni nauðsynleg fyrir öll skátafélög og hætt er við að foringjar fái leið á störfum sínum ef þeir fá aldrei að læra eða prófa eitthvað nýtt. Ef gætt er að því að senda foringja reglulega á ný námskeið og fræðslukvöld eða því komið til leiðar að þeir öðlist reynslu og upplifun sem er endurmenntandi, er stuðlað að hugmyndaauðgi og krafti í skátastarfið. Ef réttum stíganda er haldið í þjálfun hvers og eins er verið að tryggja að þeir foringjar haldist lengur og markvissar í starfi. Ef gerð er símenntunaráætlun innan félagsins, hvort sem hún er gerð sér fyrir hvern foringja félagsins eða er miðuð út frá að allir geri það sama á sama aldri, hjálpar það öllum að fá heildarsýn á það hvernig félagið stendur gagnvart foringjum sínum og hvernig foringjarnir standa gagnvart félaginu.

* Dæmi um símenntunaráætlun má finna í fylgiskjali 5.

► Fræðslumál/menntun ◀

Hæfniskröfur foringja

Mannauður skátafélagsins er fölginn í foringjunum. Án þess að hafa á að skipa góðum sveitarforingjum getur skátafélag ekki starfað á eðlilegan hátt. Alltaf þarf einhvern með kunnáttu og þekkingu til að stýra hópum og einstaklingum að þeim markmiðum sem sett eru í starfinu. Foringjar bera mikla ábyrgð, ekki bara gagnvart skátafélaginu sjálfu heldur líka gagnvart samfélaginu og skátunum sem þeir eiga að leiða áfram í verkefnum sínum. Þess vegna er mjög mikilvægt að þeir einstaklingar sem taka að sér foringjastöður geti staðið undir þeirri ábyrgð sem því fylgir og séu öðrum til fyrirmyndar. Hægt er að stuðla að því að félagið hafi á að skipa hæfum sveitarforingjum með því að fara eftir reglugerð sem BÍS hefur sett um hæfni foringja. Einnig þurfa foringjar að undirrita drengskaparheit foringja.

* Reglugerðin um hæfni skátaforingja og drengskaparheit foringja eru í fylgiskjölum 6 og 7.

Friðar, umhverfis og forvarnarstefna

Skátahreyfingin er friðarhreyfing sem leggur áherslu á umhverfisvernd og forvarnarstarf fyrir börn og ungmenni. Þessi stefna skátahreyfingarinnar þarf að koma fram í starfi félagsins. Það er því mikilvægt að félagið móti sér skýra stefnu í þessum málaflokkum og fylgi henni eftir. Markmið félagsins í friðarmálum getur verið t.d. að stuðla að friði og samhug innan félagsins, fræða skátana um stríð og frið eða að styðja við frið í heiminum með peningasöfnun fyrir stríðshráð lönd. Í umhverfisstefnu sinni getur félagið t.d. gert áætlanir um endurvinnslu, orkusparnað eða uppbyggingu lands. Með forvarnarstefnu er átt við hvaða andlit félagið ætlar að sýna félögum sínum í forvarnarmálum. Til forvarnarmála má telja vímu – og fíkniefnamál, ofbeldismál (andleg og líkamleg) og fordóma.

Í skátastarfi er borin virðing fyrir sérkennum einstaklinga

Í lögum BÍS segir:

BÍS virðir sérhverja lífsskoðun sem samræmist skátaheitinu og skátalögum. Í skátastarfi og við inngöngu nýliða í hreyfinguna skal tekið fullt tillit til mismunandi trúarskoðana, litarháttar, kyns og fjölskylduaðstæðna.

Hver einstaklingur hefur sín einkenni og við lærum af fjölbreytileikanum ný viðhorf og nýjar skoðanir og því ættum við aldrei að loka á það sem er öðruvísi. Í skátastarfi eru engir varamanna- eða áhorfendabekkir. Í forvarnarstefnu þarf að koma fram hvernig bregðast skuli við ef einstaklingur eða einstaklingar breyta gegn forvarnarstefnunni. Skátaping 1998 samþykkti forvarnarstefnu BÍS og er hún í fylgiskjali 8. Skátafélögum er bent á að móta sína stefnu eftir henni þar sem stefna BÍS er stefna skátafélaga í landinu.

* Sjá fylgiskjal 8.

* Í fylgiskjali 9 er að finna dæmi um stefnu í friðarmálum

Forvarnir snúa þó ekki eingöngu að fíkní- og vímu-efnanotkun. Forvarnir geta líka snúist gegn ofbeldi, fordómum, umhverfisspjöllum og í raun hverju því sem skátafélög telja að þurfi að sporna gegn.

* Stefna skátafélags ætti einnig að taka mið af umhverfisstefnu BÍS sem er í fylgiskjali 10.

Útilíf

Skátahreyfingin er útilífshreyfing og þarf því að sinna því vel í starfi félagsins. Hvetja þarf skátana til úti-vistar og kenna þeim að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða. Í lögum BÍS segir m.a. að markmið skátahreyfingarinnar sé að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Þessum markmiðum skal náð t.d. með:

„Útilífi til að efla líkamsþrek og vekja áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana.“

Útilíf getur verið hvort sem er gönguferð í næsta

► Fræðslumál/menntun ◀

nágrenni skátaheimilisins, útifundur, heimsókn í sveit, dagsferðir eða fjallgöngur.

* Tvær tillögur að útilífsáætlun eru í viðauka 11.

Til að fá hugmyndir og leiðsögn um útbúnað, undirbúning og ferðir er skátum bent á eftirfarandi bækur:

- Upp til fjalla (fæst hjá BÍS)
- Skátahandbókin (fæst hjá BÍS)
- Ferðafélaginn (eftir Hugh McManners, fæst hjá BÍS)
- Fyrsta hjálp í óbyggðum (gefin út af Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu)
- Útivistarbókin (eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson)
- Gengið um óbyggðir (eftir Jón Gauta Jónsson)
- Íslensk fjöll: Gönguleiðir á 151 tind (eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson)
- Leiðsögn um Mývatn og Mývatnssveit (eftir Helga Guðmundsson)
- Ekið um óbyggðir (eftir Jón Garðar Snæland)
- Sögustaðir Íslands á íslensku, ensku og þýsku (eftir Örn Sigurðsson)
- Skátasveitin (fæst hjá BÍS)
- Handbook for leaders (fæst hjá BÍS)
- Handbook for cubscout leaders (fæst hjá BÍS)


- GPS fyrir alla (fæst hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu)
- Scouting Games

Einnig er hægt að nota eftirfarandi bækur til kennslu:



- Græni bakpokinn (fæst hjá BÍS)
- Skátahandbókin (fæst hjá BÍS)
- Íslenska plöntuhandbókin (eftir Hörð Kristinsson)
- Íslenskur fuglavisir (eftir Jóhann Óla Hilmarrson)
- Beyond Barriers, toolkit (fæst hjá BÍS)
- Vertu viðbúinn (fæst hjá BÍS)
- Young people in changing societies (fæst hjá BÍS)



► Minnisblað ◀



► 5. hluti ◀



Samstarf

Skátafélög byggja starf sitt á lýðræðislegum grunni innan vébanda Bandalags íslenskra skáta en eru einnig hluti félagslegrar heildar í sveitarfélaginu. Gott samstarf er því lykilatriði í starfi sérhvers skátafélags. Með samstarfi er hægt að greiða fyrir ýmsum hlutum, hægt að deila fróðleik og reynslu til að koma í veg fyrir að hjólið verði fundið upp oft og mörgum sinnum og hægt að glæða góðan vinskapi milli fólks, deilda, félaga og stofnana. Skátafélög eru oft í samstarfi við marga aðila en þeir helstu eru sveitarstjórnir, BÍS, skátasambönd, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, önnur æskulýðsfélög og foreldrar.

Mikilvægt er að skátafélög séu í góðu samstarfi við þau bæjarfélög sem þau starfa í.

* Í viðaukum 12 og 13 má sjá dæmi um samstarfs-samninga sem skátafélög hafa gert við bæjarfélög.

Samstarf heimila og skáta

Gott samstarf þarf að vera milli skátahreyfingarinnar og foreldra. Ef náið samstarf er á milli stjórnar og foreldranna má koma í veg fyrir hugsanlega árekstra og misskilning. Stjórnin verður því að sjá til þess að foreldrar fái tækifæri til að kynnast mark-

miðum og leiðum hreyfingarinnar og því sem efst er á baugi í starfinu hverju sinni. Foreldrar þurfa einnig að geta fylgst með starfinu hjá börnum sínum og geta gripið inn í ef með þarf.

Einn besti ávinningur sem skátastarf hefur af samstarfi við foreldra er gott umtal meðal fólks. Gæði þeirra starfa sem skátáforingjar leggja af mörkum eru afgerandi um þá dóma sem skátastarfið fær. „-Hér fer fram gott starf, það er óhætt að leyfa barninu sínu að vera með í þessu skátafélagi“. Það er ekki nóg að hugsa: „Þau vita þetta öll, við sendum bréf“. Það getur alið á tortryggni og skilningsleysi á aðferðum skátastarfs ef við veitum foreldrum enga hlutdeild í skátastarfinu.

Samstarf skátafélaga við heimilin

Í skátastarfi fer fram uppeldi. Til að gera sér grein fyrir þörfinni á samstarfi við foreldra þarf sveitarforinginn fyrst að gera sér ljóst að börnin eru ekki í hreyfingunni fyrir okkur heldur erum við að aðstoða foreldrana við uppeldi barna sinna. Það má aldrei gleymast að foreldrar bera ábyrgð á uppeldi eigin barna.

Foringjar þurfa hins vegar að gera sér grein fyrir því að oft á tíðum eru þeir miklir áhrifavaldar í lífi barnanna.

► Samstarf ◀

Sem skátaforingjar verðum við að leitast við í samstarfi okkar við foreldra að vera:

- hugmyndarík
- upplýsandi
- hvetjandi
- alúðleg
- opinská
- virk
- góð fyrirmynd

Sýnum frumkvæði


Það er auðveldara að stýra skátastarfi þegar það nýtur stuðnings foreldra. Okkur skátum finnst oft sem foreldrar sýni skátastarfinu lítinn áhuga og spyrjum okkur því eftirfarandi spurninga: Hvers vegna ættum við að leggja svo mikið af mörkum við börn foreldra sem sjaldan eða aldrei styðja okkur eða hjálpa til?

Ein af ástæðunum til þess að spurningar sem þessi vakna gæti verið að foreldrar sem hafa litla eða enga reynslu af skátastarfi eða öðru æskulýðsstarfi finni sig vanmáttuga og órugga gagnvart störfum innan skátahreyfingarinnar.

Almenningi eru störf skáta alls ekki eins vel þekkt og t.d. störf íþróttafélaga sem sífellt birtast í fjölmiðlum. Þess vegna vita foreldrar oft ekki hvernig við störfum í skátafélögnum og gera sér í mörgum tilvikum litla grein fyrir siðum og venjum í skátastarfi. Á hinn bóginn gætu skátaforingjar fundið fyrir óöruggi séu þeir undir stöðugu eftirliti og þrýstingi af hálfu foreldra vegna væntinga gagnvart eigin barni. En skátahreyfingunni er nauðsynlegt að byggja brú á milli heimilis og skátafélagsins og opna fyrir meiri þátttöku foreldra í starfinu.

Samstarf er nauðsynlegt til þess að:

- foringjarnir geti tekið tillit til séreinkenna og heilsu barnanna og óska foreldra
- heimilin skilji uppeldisgildi skátastarfs og þær leiðir sem við förum í skátastarfi (t.d. hlutverk flokksforingja og skátaflokka, börn stjórnari börnum og „athafnanám“)



- foreldrar hvetji börnin til virkrar þátttöku í skátastarfi og efli áhuga þeirra
- foreldrar og skátahreyfingin stuðli í sameiningu að því að börnin sýni frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði
- vekja áhuga foreldra á skátastarfinu sem gæti leitt til þess að þau taki að sér foringja- eða stjórnunarstörf.

Við gerum skátunum mikinn greiða ef við getum eftir áhuga foreldranna á því sem börnin gera í tómstundum sínum. Það er því mikilvægt að frumkvæði að samstarfi sé hjá öllum sveitarforingjum, deildarforingjum og félagsstjórnnum. Jákvæð reynsla hvetur ætíð betur en neikvæð og því er mikilvægt að gera foreldra að okkar fylgjendum og stuðningsmönnum.

Hvernig byrjum við?

Það á að byrja samstarf við foreldra strax í upphafi. Ef barn t.d. biður um inngöngu í hreyfinguna þá ætti að senda foreldrum kynningarrit um skátastarfið, s.s. lög og heit, væntanlegan kostnað, tíðni funda, ferðalög og fleira. Síðan ættu foreldrar að útfylla sérstök eyðublöð þess efnis að þau séu samþykkt því að barn þeirra taki þátt í skátastarfinu og foreldranir skuldbindi sig jafnvel til einhverrar þátttöku í starfinu, t.d. aðstoð við fjáraflanir, akstur í úti- legur o.þ.h.

► Samstarf ◀

Undirbúningur

Félagsstjórn og foringjráð verður að hugleiða markmið samstarfsins frá sjónarhóli foreldra, foringja og skátanna. Félagið ætti að gera ramma fyrir sig til að vinna út frá. Þar kæmu fram markmið þess með samstarfinu og hvernig því verði best fyrir komið.

Framkvæmd

Í foreldrasamstarfi ætti að hafa eftirtalið í huga:

- ▶ Mikilvægast er að efla áhuga foreldra á skátastarfi eigin barna.
- ▶ Foreldrar vilja upplýsingar. Það eru alls ekki allir foreldrar sem þekkja til skátastarfs. Því þarf að veita þeim greinargóðar upplýsingar um starfið og siði og venjur félagsins.
- ▶ Samstarf er margra og það næst ekki nema þeir sem bera það uppi fái allir að eiga frumkvæði og bera ábyrgð.
- ▶ Það er auðveldara til að byrja með að byggja samstarf upp í kringum nokkra vel afmarkaða atburði.

Dæmi um verkefni sem foreldrar gætu sinnt fyrir félagið:

- ▶ skipulagning og framkvæmd fjáraflana
- ▶ aðstoða við efnisöflun
- ▶ útvega sambönd og ráðgjafa
- ▶ aðstoð við útilegur
- ▶ aðstoð við einstaka viðburði
- ▶ tenging milli skáta og foreldra (foreldraflokkur)
- ▶ foringjastörf

* Nokkrar hugmyndir að samstarf skátafélags og foreldra er að finna í fylgiskjali 14

Mat foreldra á starfi skátafélags

Foreldrar gera kröfur til skátastarfs í samræmi við væntingar sínar til þess. Skátastarf hefur ákveðna ímynd í huga fólks og væntingar þess byggjast á þessari ímynd. Kröfur verða sanngjarnar ef vænting-

ar eru í samræmi við það sem í raun og veru fer fram í skátastarfinu. Það er því mikilvægt fyrir skátaforingja að vita hvaða væntingar og viðhorf foreldrar hafa til skátastarfs. Væntingar foreldra má athuga með einföldu mati.

Matsblað þarf hvorki að vera flókið né nákvæmt til þess að félagsstjórn geti aflað nauðsynlegra upplýsinga um viðhorf foreldra til starfsins í félaginu. Þannig fær stjórnin mikilvægar upplýsingar sem hún getur nýtt sér til þess að aðlaga starfið óskum foreldra og eins til þess að eyða fordómum og útskýra betur skátaaðferðina.

* Í fylgiskjali 15 er dæmi um matsblað handa foreldrum.

Samstarf við önnur skátafélög

Skátafélög eru hvött til að koma sér upp vinafélagi, erlendu eða innlendu. Vinafélög starfa saman að ýmsum verkefnum t.d. friðarverkefnum, foringjaskiptum, sameiginlegum útilegum, foringjapjálfum og skiptast á alls kyns fróðleik.


* Í fylgiskjali 16 má sjá dæmi um samstarfslýsingu við önnur skátafélög.

Hafa ber í huga að hægt er að hafa samstarfslýsinguna mun nánari og getur hún gengið svo langt að vera fyrsta skref að sameiningu skátafélaga.

Eins og áður hefur verið bent á er skátahreyfingin friðarhreyfing og vill stuðla að friði meðal manna og þjóða. Skátar virða sérhverja lífsskoðun sem samræmist skátaheitinu og skátalögnum. Í skátastarfi og við inngöngu nýliða í hreyfinguna skal tekið fullt tillit til mismunandi trúarskoðana og litarháttar.

Í íslensku samfélagi eru mörg börn af erlendum uppruna og með tilliti til þess sem fram kemur hér að framan er það skylda skátahreyfingarinnar að kynna íslenskum skátum menningu þessara barna og einnig að kynna þessum börnum íslenska menningu.

► **Minnisblað** ◀



► Fylgiskjal 1 ◀

bls. 1/3

Dæmi um lög skátafélags

Lög skátafélagsins Tjaldbúa

1.0 Heiti félagsins og markmið

1.1 Nafn félagsins er Skátafélagið Tjaldbúar. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1.2. Markmið félagsins er að reka öflugt skátastarf á starfssvæði félagsins og stuðla þannig að því að börn og ungt fólk verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

1.3 Skátafélagið Tjaldbúar er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og skátasambandi Reykjavíkur og ber að starfa eftir lögum þeirra og reglugerðum.

1.4 Markmiði sínu hyggst félagið m.a. ná þannig:

- ▶ Með hópvinnu til að þroska samstarfshæfileika, tillitssemi, ábyrgð og stjórnunar-hæfileika.
- ▶ Með útilifi til að efla líkamsþrek og virkja áhuga á náttúrunni og löngun til þess að vernda hana.
- ▶ Með viðfangsefnum af ýmsu tagi til að kenna skátum margvísleg störf, nytsöm sjálfum þeim og öðrum, - viðfangsefnum sem hafa að markmiði kjörorð félagsins: „Ávallt viðbúinn“.
- ▶ Með þátttöku í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar til að gefa skátum tækifæri til að kynnast ungu fólki í öðrum löndum, háttum þess og menningu.

1.5 Félagið starfar í samvinnu við samtök eldri skáta á starfssvæðinu og aðildareiningu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

1.6. Starfssvæði félagsins er í Reykjavík, eftir nánari ákvörðun skátasambands Reykjavíkur eða nánar tiltekið í Tröllabyggð.

2.0 Innganga og skyldur félagsmanna

2.1 Til að sækja um inngöngu í félagið þarf viðkomandi að hafa náð áttar ára aldri. Jafnframt þarf foreldri eða forráðamaður ólöggráða einstaklinga að samþykkja inngöngubeiðni viðkomandi.

2.2. Einstaklingur verður fullgildur félagi, þegar sveitarforingi eða félagsstjórn hefur samþykkt inntökubeiðni hans.

3.0 Stjórnun félagsins.

3.1 Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins, en félagsstjórn milli aðalfunda.

[ATH. Sum félög setja æðsta vald félagsins milli aðalfunda í hendur foringjaráðs eða félagsráðs]

3.2. Aðalfundur skal halda í febrúar ár hvert. Skal stjórn boða til hans með minnst mánaðar fyrirvara með auglýsingu í skátaheimili og bréfléga eða á annan sannarlegan hátt til allra fullgildra félaga sem hafa seturétt. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

3.3 Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa fullgildir félagar er hafa greitt árgjöld og eru á sextánda ári. Seturétt án ákvæðisréttar á aðalfundi hafa allir starfandi flokksforingjar í félaginu svo og fulltrúi úr aðalstjórn BÍS [ATH. og fulltrúi úr stjórn skátasambands og Landsbjargareiningar ef við á]. Félagsstjórn er heimilt að bjóða öðrum að sitja aðalfund sem áheyrnarfulltrúar. Áheyrnarfulltrúar hafa mál-

► Fylgiskjal 1 ◀

bls. 2/3

frelsi og tillögurétt. [ATH. Í sumum félögum hafa sveitarforingjar og æðri foringjar kosningarétt en dróttskátar seturétt. Skátafélögum er í sjálfsvald sett hvaða hátt þau hafa á þessu]

3.4 Verkefni aðalfundar eru:

- ▶ a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- ▶ b) Skýrsla stjórnar.
- ▶ c) Skýrslur sveita og annarra eininga félagsins eins og við á.
- ▶ d) Umræður um framlagðar skýrslur.
- ▶ e) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til umræðu og afgreiðslu.
- ▶ f) Lagabreytingar.
- ▶ g) Kosning stjórnar.
- ▶ h) Kosning eins skoðanamanns reikninga.
- ▶ i) Kosning þriggja manna í laganefnd.
- ▶ l) Kosning þriggja manna í uppstillingarnefnd.
- ▶ m) Önnur mál.

[ATH. Dagskrár aðalfunda geta verið með mörgu móti og víxla má liðum g-l. Einnig eru ekki öll skátafélög sem geta kosið varamenn í stjórn og er það ekki nauðsyn, þó það sé góð regla]

3.5 Skýrsla stjórnar skal liggja fyrir fjölfölduð á aðalfundi ásamt skoðuðum ársreikningum félagsins. [ATH. Einnig er ágæt vinnuregla sem setja má í lög að endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á stjórnarfundum minnst viku fyrir aðalfund].

3.6 Stjórn félagsins skal skipuð 7 skátum, félagsforingja, aðstoðarfélagforingja, ritara, gjaldkera og 3 meðstjórnendum, sem allir skulu uppfylla hæfisskilyrði skátaforingja, auk skal félagsforingi hafa náð a.m.k. 25 ára aldri. Félagforingi, aðstoðarfélagforingi, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Skoðunarmenn reikninga eru tveir, annar kosin af aðalfundi en hinn gjaldkeri skátasambands Reykjavíkur (BÍS)

Ef félagsmenn eru 50 eða færri er heimilt að

skipa stjórn einungis 3 skátum, þ.e. félagsforingja, ritara og gjaldkera.

[ATH. Ekki geta öll skátafélög kallað til sín 7 manns til að starfa í stjórn. Í einhverjum tilfellum er jafnvel ekki hægt að kalla fleiri en 3 til starfa sem þá skulu vera félagsforingi, ritari og gjaldkeri. Sum skátafélög hafa innan stjórnar hjá sér umsjónarmann skátastarfs, umsjónarmann ylfingastarfs, tengslafulltrúa, birgðarvörð, umsjónarmann með eignum félagsins og starfsmann félagsins. Skátafélög skulu finna þann hátt sem hentar þeim best. Sum skátafélög hafa það á stefnu sinni eða í lögum að minnst einn stjórnarmanna sé kjörinn úr hópi forráðamanna starfandi skáta].

3.7 Kosning stjórnar skal vera leynileg og skal stjórnin kosin til eins árs í senn.

3.8 Stjórn skipir með sér verkum. Verksvið stjórnar eru fjármál, húsnæðismál, umsjón með eignum félagsins, svo og öðru því sem þarf til að tryggja öfluga starfsemi félagsins í samvinnu við foringjaráð félagsins.

3.9 Foringjaráð félagsins skal skipað deildar- og sveitar- og aðstoðarsveitarforingjum auk a.m.k. eins fulltrúa stjórnar. Foringjaráð getur boðið öðrum setu á einstökum fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fyrsti fundur foringjaráðs skal haldin eigi síðar mánuði eftir aðalfund. Þar skal ráðið kjósa sér formann og ritara. Ritari gegnir störfum formanns í forföllum hans auk þess að rita fundargerðir.

[ATH. Í sumum félögum er aðstoðarfélagforingi formaður foringjaráðs].

3.10 Aðalmarkmið foringjaráðs skal vera að styrkja starf skátasveitanna og aðstoða og leiðbeina foringjum í störfum þeirra.

[Félagráð geta einnig tekið við þessum markmiðum. Auk þess hafa sum félagráð æðsta vald í skátafélögum á milli aðalfunda].

► Fylgiskjal 1 ◀

bls. 3/3

3.11 Félagsforingi boðar til félagsfunda í samráði við félagsstjórn eftir því sem honum þurfa þykir. *[Nokkur félög hafa sett inn í lög sín að ákveðinn fjöldi skáta í félaginu geti óskað eftir að boðað sé til félagsfundar. Skátafélögum er í sjálfsvald sett hvort slíkt er sett í lög. Hins vegar er mælt með því þar sem það setur aukin völd í hendur félagsmanna].*

4.0 Innra starf félagsins

4.1 Félagsforingi skipar deildar- og sveitarforingja að fengnum tillögum foringjaráðs. Sveitarforingjar skipa flokksforingja.

4.2 Foringjaráð félagsins fer með almenna stjórnun og skipulagningu á innra starfi félagsins í samráði við stjórn félagsins. Ákvarðanir foringjaráðs mega þó ekki vera gegn vilja eða stefnu stjórnar.

5.0 Annað.

5.1 Aðalfundur félagsins ákveður árgjöld félagsins hverju sinni og sér starfsmaður félagsins eða gjaldkeri um innheimtu þeirra. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5.2 Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

5.3 Ákveði aðalfundur að félagið skuli hætta störfum, eða hætti það störfum með öðrum hætti, skulu allar eignir þess og gögn fengnar stjórn BÍS til varðveislu og umráða.

5.4 Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og skulu tillögur að lagabreytingum vera skriflegar og berast stjórn fyrir 15. janúar. Laganefnd skili tillögum sínum til lagabreytinga til stjórnar viku fyrir aðalfund og skulu þá framlagðar tillögur liggja frammi í skátaheimili til sýningar. Að minnsta kosti tveir þriðju hlutar kosningabærra fundarmanna skulu greiða atkvæði með lagabreytingum svo þær öðlist gildi.

5.5. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Tjaldbúa 17. júní 2005.

► Fylgiskjal 2 ◀

5 manna stjórn

Félagsforingi

Félagsforingi er fulltrúi félagsins gagnvart Bandalagi íslenskra skáta, viðkomandi skátasambandi og eða sveitarstjórn. Hann sér um upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við aðra aðila í sveitarfélaginu og for-eldra. Hann boðar og stjórnar fundum félagsstjórn- ar. Hann skipar deildarforingja og/eða sveitarfor- ingja félagsins í samráði við aðstoðarfélagforingja. Félagsforingi veitir starfshópum erindisbréf. Félags- foringi flytur ársskýrslu stjórnar á árlegum aðalfundi félagsins.

Aðstoðarfélagforingi

Aðstoðarfélagforingi hefur effirlit með starfi skáta- deilda og/eða skátasveita. Aðstoðarfélagforingi boðar og stjórnar fundum foringjaráðs og annast þannig upplýsingagjöf, samskipti og samstarf til for- ingja félagsins. Aðstoðarfélagforingi gegnir störfum félagsforingja í fjarveru hans.

Ritari

Ritari heldur gjörðabók um alla félagsstjórnafundi og alla þá starfsþætti sem koma fram í ársskýrslu

félagsins. Ritari sér til þess að skrifleg gögn og aðrar minjar um félagsstarfið og útgáfa á vegum félagsins séu varðveitt á öruggan hátt. Ritari annast útgáfumál félagsins og ritstýrir fréttablöðum félags- ins. Hann annast bréfaskrifir fyrir félagið í samráði við félagsforingja.

Gjaldkeri

Gjaldkeri félagsins skal vera fjárráða. Hann sér um félagssjóð og annast öll fjármál félagsins og vinnu- hópa. Gjaldkeri ber ábyrgð á innheimtu árgjalda og félagatali. Hann gerir ársreikninga sem bornir eru upp á aðalfundi félagsins.

Meðstjórnandi

Meðstjórnandi er tengill stjórnar við vinnuhópa sem starfa á vegum félagsins og stýrir viðburðum á vegum félagsins. Dæmi um vinnhópa eru; skála- stjórn, húsnefnd, skeytanefnd. Dæmi um viðburði á vegum félagsins eru; t.d. vegna 22. febrúar, farar- hópa á skátamót, félagsfunda, félagsútilega, hátíða- halda á sumardaginn fyrsta og 17. júní.

► Fylgiskjal 3 ◀

3 manna stjórn

Félagsforingi

Félagsforingi er fulltrúi félagsins gagnvart Bandalagi íslenskra skáta, viðkomandi skátasambandi og/eða sveitarstjórn. Hann sér um upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við foringja félagsins, foreldra og aðra aðila í sveitarfélaginu. Hann boðar og stjórnar fundum félagsstjórnar. Hann skipar deildarforingja og/eða sveitarforingja félagsins í samráði við stjórn. Félagsforingi veitir starfshópum erindisbréf. Félagsforingi flytur ársskýrslu stjórnar á árlegum aðalfundi félagsins. Félagsforingi stýrir viðburðum á vegum félagsins t.d. vegna 22. febrúar, fararhópa á skátamót, félagsfunda, félagsútilega, hátíðahalda á sumardaginn fyrsta og 17. júní.

Ritari

Ritari heldur gjörðabók um alla félagsstjórnafundi og alla þá starfsþætti sem koma fram í ársskýrslu

félagsins. Ritari sér til þess að skrifleg gögn og aðrar minjar um félagsstarfið og útgáfa á vegum félagsins séu varðveitt á öruggan hátt. Ritari annast útgáfumál félagsins og ritstýrir fréttablöðum félagsins. Hann annast bréfaskrifir fyrir félagið í samráði við félagsforingja.

Gjaldkeri

Gjaldkeri félagsins skal vera fjárráða. Hann sér um félagssjóð og annast öll fjármál félagsins og vinnuhópa. Gjaldkeri ber ábyrgð á innheimtu árgjalda og félagatali. Hann gerir ársreikninga sem bornir eru upp á aðalfundi félagsins.

Deildarforingi

Deildarforingi hefur eftirlit með starfi skátadeilda og/eða skátasveita.

► Fylgiskjal 4 ◀

Dæmi um verkefni starfsmanns skátafélags

Erindreki stjórnar

- Situr stjórnarfundi.
- Færir og viðheldur félagaskrá.
- Annast skýrslugerð og samskipti við skrifstofu BÍS og skátasambands.
- Sinnir bréfaskriftum og upplýsingastreymi til foreldra.
- Ritstýrir fréttablaði félagsins.
- Annast kynningu á námskeiðum og heldur utan um námskeiðaskráningu félagsins.
- Tekur þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum félagsins, eftir ákvörðun stjórnar og aðstoðar við stjórnun þeirra.
- Flokkar allan póst sem berst til félagsins.
- Annast pantanir á húsnæði og langferðabílum vegna útilífs á vegum félagsins.

Fjármál

- Innheimtir félagsgjöld.
- Annast innkaup og sölu á skátavörum.
- Hefur umsjón með öllum fjáröflunum félagsins.
- Annast innkaup á helsta efni til skátastarfs og viðhalds.
- Tekur við greiðslum frá foreldrum.
- Vinnur að fjármálum félagsins í samráði við gjaldkera.

Stuðningur við foringja

- Er ætíð í skátaheimilinu þegar flokksfundir eru haldnir.
- Aðstoðar við áætlanagerð sveita og flokka.
- Aðstoðar við einstök verkefni á fundum.
- Heldur utan um vörðukerfi (hver á að fá hvað - hvenær).
- Samræmir skilaboð frá sveitarforingjum til foreldra.
- Svarar spurningum foreldra um starfið.
- Er viðbúinn að grípa inn í störf flokka og sveita og eins ef órói er utan funda.

Húsnæði og eignir

- Færir húsdagbók.
- Er ætíð í skátaheimilinu þegar flokksfundir eru haldnir.
- Effirlit með umgengni og hegðun.
- Hefur umsjón með þrifum.
- Annast smærra viðhald á húsnæði og skála félagsins.
- Hefur umsjón með búnaði félagsins.
- Annast skráningu og viðhald eignaskrár.
- Annast útleigu á skátaskála félagsins.
- Annast útleigu á skátaheimili félagsins.

Samband við foreldra

- Samræmir skilaboð frá skátafélaginu og skátasveitum til foreldra.
- Tekur við greiðslum frá foreldrum.
- Svarar spurningum foreldra um starfið.

► Fylgiskjal 5 ◀

Dæmi um símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun Skf. Tjaldbúa

Skátafélagið Tjaldbúar leitast eftir því að foringjar í félaginu og aðrir sem ábyrgð bera á börnum í starfi þess njóti bestu menntunar í skátafræðum sem völ er á. Markviss símenntun tryggir fagmennsku í starfi skátafélagsins og eykur áhuga og virkni þeirra sem í því starfa.

Skátar sem starfa í Skf. Tjaldbúum gefst kostur á að fara á þau námskeið sem í boði eru og skal skátafélagið gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að gera þeim það mögulegt.

Skátar:

- fá afslátt af útilífsnámskeiðum félagsins.
- dróttskátar þurfa ekki að borga fyrir þátttöku í þeim námskeiðum sem þarf að ljúka til þess að fá afhent forsetamerki.

Skátaforingjar:

- skulu eiga þess kost að fara á ný námskeið á hverjum vetri. Auk þess stefnir félagið að því að flokksforingjar fái aukabjálfun að sumri á sumarnámskeiðum Bandalags íslenskra skáta.
- Aðstoðarsveitarforingjar skulu vera búnir með Sveitarforingjanámskeið 1 og eiga þess á að taka Sveitarforingjanámskeið 2 til þess að búa þá undir þá ábyrgð sem fylgir því að stýra skátasveit.

Skáti sem starfar með Skf. Tjaldbúum í 10 ár, frá 8-18 ára aldurs á því að eiga kost á að fara á effirfarandi námskeið:

- 8-11 ára: Útilífsnámskeið (innifalið í árgjaldi)
- 12 ára: Flokksforingjanámskeið
- 13 ára: Útilífsflokksforingjanámskeið (vikunámskeið á vegum BÍS)
- 14 ára: Vítamín fyrir flokksforingja eða RÆTUR

- 15 ára: Dróttskátanámskeið
- 16 ára: Skyndihjálparnámskeið
- 17 ára: Útilífsnámskeið
- 18 ára: Sveitarforingjanámskeið 1 og 2

Þegar þessu lýkur gefst foringjum einnig kostur á að sækja Gilwell námskeið, Leiðbeinendanámskeið 1 og 2 sem og námskeið erlendis.

Þess utan heldur félagið, undir stjórn fræðsluforingja, fræðslukvöld þar sem fengnir verða bæði skátar í félaginu og utanaðkomandi skátar til að kynna nýjar og gamlar hugmyndir í skátastarfi. Lögð verður áhersla á að kennslan á þessum kvöldum verði með athafnanámi en ekki í fyrirlestraformi. Dæmi um námskeið eru föndurnámskeið, leðurgerð, nýjungar í skátastarfi, útilíf í skógi, samstarf milli mismunandi menningarheima, hvernig skuli fá eldri skáta aftur til starfa o.m.fl.

Fræðsluforingi ber einnig ábyrgð á því að finna heppilegt lesefni sem foringjar gætu haft gagn og gaman af. Efnið skal hvort heldur vera á íslensku eða erlendu tungumáli. Dæmi um lesefni sem fræðsluforingi getur reynt að finna er: um útilíf, fjallamennsku, fjallaeldun, leiki, hnúta, skipulag félagsins, nýtingu mannauðs og hvað það sem foringja félagsins vanhagar um.

► Fylgiskjal 6 ◀

Reglugerð um hæfni skátaforingja

1. gr.

Með skátaforingja er í reglugerð þessari átt við þann sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja, formanns skátasambands eða skátahöfðingja.

Reglugerð þessi nær ekki til flokksforingja og annarra aðstoðarforingja sem ekki eru lögráða.

2. gr.

Þann má skipa skátaforingja sem æskir þess og fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- er vigður skáti.
- er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum skátaforingja.
- hefur forræði á búi sínu og hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta s.l. 2 ár.
- er ekki á sakaskrá.
- hefur lokið viðeigandi þjálfun til að gegna starfi sínu að mati skipunaraðila.
- hefur unnið skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin og hann tekur að sér sem skátaforingi og að hann hafi aldrei gerst brotlegur gegn börnum.

Að auki skal sá sem er skipaður félagsforingi hafa náð 25 ára aldri.

3. gr.

Umsókn um leyfi til að gerast skátaforingi skal beint til viðkomandi félagsstjórnar eða skátasambands að því undanskildu að umsókn um leyfi til að gerast félagsforingi eða starfa fyrir BÍS skal beint til stjórnar BÍS. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Félagsforingi eða formaður skátasambands gefur út skipunarbréf handa skátaforingja að því undanskildu að Skátahöfðingi gefur út skipunarbréf fyrir félagsforingja og aðra skátaforingja er starfa fyrir BÍS.

4. gr.

Nú uppfyllir skátaforingi ekki öll skilyrði 2. gr. eftir að hafa hlotið skipun eða brýtur gegn drengsskaparheiti sínu, skal hann þá að eigin frumkvæði skila inn skipunarbréfi sínu ella er félagsforingja, formanni skátasambands og/eða stjórn BÍS skylt að afturkalla skipunarbréf hans.

5. gr.

Stjórn BÍS er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. – 4 t.l. 2. gr. við skipun skátaforingja, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi.

► Fylgiskjal 7 ◀

Drengskaparheit skátaforingja

Ég (nafn), skátafélaginu (nafn), heiti því að viðurlögðum drengskap mínum:

- ▶ að halda í heiðri skátaheitið, skátalög og landslög í öllu skátastarfi mínu og gæta heiðurs skátahreyfingarinnar jafnt í skátastörfum sem öðrum athöfnum.
- ▶ að rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem mér kunna að verða falin eða ég tek mér fyrir hendur sem skátaforingi.
- ▶ að ég hef ekki og mun ekki brjóta gegn andlegri eða líkamlegri heilsu þeirra skáta sem mér er treyst fyrir og halda í einu öllu trúnað um það sem mér er treyst fyrir í skátstörfum mínum og leynt á að fara.

Staður og dagsetning

(Eiginhandarundirritun skátaforingja)

Vottar:

► Fylgiskjal 8 ◀

Stefna Skátahreyingarinnar Fíkni- og vímuefnavarnir

1. Forvarnargildi skátastarfs

Skátahreyingin gegnir mikilvægu hlutverki í fíkni- og vímuefnavörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í skátastarfi, reiðir betur af og þau neyta síður vímuefna. Skátahreyingin vill efla enn frekar vímuvarnargildi skátastarfs með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við skátun. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um fíkni- og vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu tóbaks, áfengis og allra ólöglegra vímuefna.

2. Neysla fíkni- og vímuefna

Skátar hafna allri neyslu fíkni- og vímuefna skáta og annarra í skátastarfi með börnum. Öll neysla fíkni- og vímuefna er bönnuð í skátaheimilum, skátaskálum og á skátamótssvæðum.

3. Viðbrögð skátafélaga við neyslu skáta

Skátafélög munu bregðast sérstaklega við allri neyslu skáta undir 18 ára aldri í skátastarfi.

Foreldrar verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu.

Varðandi viðbrögð við fíkni- og vímuefnaneyslu þeirra sem eru sjálfráða, munu skátafélögin bregðast við neyslu sem er brot á reglum þeirra (sbr. Lið 2) og neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd skátafélagsins.

Viðbrögð skátafélaga við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Viðbrögð skátafélaganna munu samt sem áður ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann við að laga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan þeirra.

4. Hlutverk foringja

Foringjar skulu starfa eftir fíkni- og vímuvarnastefnu skátafélaganna, þar með talið að bregðast við fíkni- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.

Skátafélögin munu sjá foringjum fyrir fræðsluefni um áhrif fíkni- og vímuefnaneyslu á ástundun og frammistöðu í skátastarfi sem og á einkalíf skátans.

Foringjar skulu framfylgja stefnu skátafélaganna varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

5. Samstarf við foreldra

Skátafélögin munu upplýsa foreldra um stefnu skátafélagsins í fíkni- og vímuvörnum.

Skátafélögin munu standa að góðu samstarfi við foreldra skáta með fræðslu um neikvæð áhrif fíkni- og vímuefna.

Skátafélögin munu starfa náið með fagfólki í fíkni- og vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfræðisaldri.

6. Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

Skátafélögin munu hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga.

Skátafélögin munu hafa náið samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi.

► Fylgiskjal 9 ◀

Dæmi um markmið skátafélags í friðarmálum

Markmið Skf. Tjaldbúa

í friðarmálum

Skátafélagið Tjaldbúa starfar eftir meginmarkmiðum skátastarfs í heiminum að efla bræðralag og jafnrétti óháð kyni, kynþætti, stétt eða trúarbrögðum.

Skátafélagið styrkir uppbyggingu í þróunarlandi með 5000 króna framlagi mánaðarlega til uppbyggingar skólustarfs á vegum Sameinuðu þjóðanna í Afríku. Skátum í félaginu er kynnt starfsemi skólans og hvernig skátafélagið kemur að uppbygg-

ingu í þorpinu. Með þessu telja stjórn og félagsráð Skf Tjaldbúa að skátar í félaginu öðlist skilning á aðstæðum barna annars staðar í heiminum.

Með heimsóknum sínum til vinafélaga erlendis og foringjaskiptum kynnast skátar í félaginu síðum annarra landa.

Skátafélagið tekur þátt í átakinu „Gengið til góðs“ með Rauða krossi Íslands.

► Fylgiskjal 10 ◀

Umhverfisstefna

Skátahreyfingin leggur áherslu á fræðslu í umhverfismálum, um náttúruna og lífríkið og hvernig ganga má um náttúruna án þess að valda raski á dýralífi og gróðri.

Skátahreyfingin styður aðgerðir sem eru í anda Dagskrár 21 til að stuðla að sjálfbærri þróun hér á landi og í heiminum almennt. Skátahreyfingin mun því:

- ▶ beita sér fyrir því að hver skáti öðlist þekkingu á náttúrunni og skilning á sambyli manna við lífríkið.
- ▶ mæla fyrir því að endanlegar náttúruauðlindir verði ekki nýttar í þeim mæli að þær tæmist og að sá úrgangur sem verður til við notkun þeirra valdi ekki tjóni í lífríkinu.
- ▶ stuðla að því að varlega sé farið með efni sem ekki brotna auðveldlega niður í náttúrunni.
- ▶ styðja aðgerðir sem hafa þau markmið að varðveita líf-fræðilega fjölbreytni og koma í veg fyrir að lífsskilyrði dýra og plantna séu skert.
- ▶ stuðla að því að í skátastarfi sé orkunotkun og nýtni á öllum efnisþáttum eins góð og kostur er.

Markmiðum þessum hyggst skátahreyfingin ná með því að :

- ▶ 1. Bæta bókakost og verkefni sem auka skilning á þörfinni fyrir náttúruvernd.
- ▶ 2. Tryggja að umhverfismál fái umfjöllun á öllum foringjanámskeiðum.
- ▶ 3. Stuðla að umhverfisvænum skátafélögum, skátaheimilum og skátaskálum.
- ▶ 4. Stuðla að umhverfisvænum skátamótum.
- ▶ 5. Stuðla að umræðum um umhverfismál.
- ▶ 6. Veita viðurkenningu fyrir gott framtak í umhverfismálum.
- ▶ 7. Hvetja skátafélög til umhverfisverndar í nágrenni sínu.

► Fylgiskjal 11 ◀

Útivistaráætlun

Skátafélög geta gert sér margs konar útivistaráætlanir, allt frá því að vera nákvæmar dagsetningar þar sem kemur fram hvað er gert og í hvaða röð það skuli gert, til þess að stikla einungis á því stærsta. Félög verða að meta hvert fyrir sig hvað hentar þeim og þeirra aðstæðum. Hafa skal í huga hvort útivistaráætlun eigi að ná til allra sem í félaginu starfa, bara til skáta eða hvort ylfingar og drótt-skátar eigi að vera með og hversu mikið á að leggja línurnar fyrir flokka og sveitir.

1. Gróf áætlun Útivistaráætlun Skf. Tjaldbúa

Skátalíf er útlíf. Með þessi orð að leiðarljósi leggur skátafélagið Tjaldbúar áherslu á eftirfarandi:

Skátar sem starfa hjá félaginu eiga þess kost að fara í að minnska kosti 9 ferðir með skátafélaginu á ári.

- 2 flokksútilegur
- 2 flokksferðir með sveitinni
- 2 sveitarútilegur
- 2 dagsferðir með sveitinni
- 2 félagsútilegur
- 2 ferðir um sumar með flokk, sveit eða félagi

2. Ítarleg áætlun Útivistaráætlun Skf. Tjaldbúa

11 ára skáti:

- fer í dagsferð með flokknum þar sem gengið er í 2 klukkutíma.
- gistir í skála félagsins heila helgi
- fer í eina hjólreiðaferð

12 ára skáti:

- lærir sig og klifur
- sefur í tjaldi a.m.k. eina nótt
- fer í eina gönguferð sem er a.m.k. 5 kílómetrar

13 ára skáti:

- skipuleggur eina helgarferð með flokknum þar sem farið er í a.m.k. 10 km göngu
- sefur í snjóhúsi
- fer í skógarferð í skógi erlendis (t.d. í samstarfi við vinafélag erlendis)

14 ára skáti:

- fer í eina helgarútilegu þar sem sofið er undir berum himni
- útbýr fleka, siglir á honum út í eyju, sefur þar og veiðir sér til matar
- fer í a.m.k. 15 km dagsferð

Þar að auki skulu allir skátar skátafélagsins geta útbúið skýli úr náttúrulegu efni, þekkingu ætilegar jurtir og fjallagrös, þekkingu skýjafar, þekkingu helstu göngu-leiðir í umhverfi sínu, geta búið sig eftir veðri og fara í a.m.k. 12 ferðir á ári.

Fylgiskjal 12

bls. 1/5

Rekstrar- og leigusamningur

skátafélagsins Hraunbúa og Bæjarsjóðs Hafnarfjarðar

Aðilar samnings þessa, Bæjarsjóður Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, (Hafnarfjarðarbær) og Skátafélagið Hraunbúar (640169-7029) gera með sér svofelldan samning um rekstur skátaheimilisins Hraunbyrgi við Hjallabraut og tveggja skátaskála.

I. Umfang samnings

1. gr.

Hraunbúar taka að sér rekstur skátaheimilisins bæði aðalhús og áhaldahús, útisvæði, tjaldsvæði, skála félagsins og útisvæði í Krísvík og við Kleifarvatn, þar sem leitast verði við að ná fram sem hagstæðustum rekstri, samkvæmt nánari útskýringum í gr. 2. Hér á eftir verður svæðið í heild kallað Hraunbyrgi.

Um eignaraðild að Skátaheimilinu að Hjallabraut 51 fer samkvæmt samningum Hraunbúa og Hafnarfjarðarbæjar frá 22.02.2005.

Hraunbúar munu fá í sinn hlut allar þær tekjur sem Hraunbyrgi kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir.

2. gr.

Stjórn Skátafélagsins Hraunbúa skal annast að öllu leyti rekstur Hraunbyrgis og skátastarf á vegum þess. Stjórn skátafélagsins skal funda reglulega eins og lög þess kveða á um, skrá fundargerðir og halda þeim til haga. Stjórn skátafélagsins skal halda reglulega fundi með æskulýðsfulltrúa þar sem farið er yfir starfsemi og barna- og unglíngastarf samræmt áherslum bæjaryfirvalda.

Skátafélaginu er heimilt að fela rekstrarfélagi sínu,

Ferðbúanum sem skal vera í eigu Hraunbúa umsjón með rekstri sem snýr að ferðarþjónustu. Rekstur Ferðbúans og Hraunbúa skal vera aðskilinn í bókhaldi.

Stjórn skátafélagsins skal ráða sér rekstrarstjóra/framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri húseigna og félagsins. Meðal verkefna rekstrarstjóra er utanumhald um fjármál og rekstur, starfsmannamál, samskipti við Hafnarfjarðarbæ, færsla bókhalds, áætlanagerð og uppgjörsvinna.

Rekstrarstjóri/framkvæmdarstjóri skal starfa í nánú samstarfi við æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi hússins brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal leitast við að sækja þá fundi sem æskulýðsfulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi Hafnarfjarðarbæjar fyrir börn og unglínglinga og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli Hraunbúa og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga reksturinn að þeim ábendingum sem æskulýðsfulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

II. Upplýsingaskylda Hraunbúa og viðurlög

3. gr.

Hraunbúar skulu reka skrifstofu í skátaheimilinu Hraunbyrgi við Hjallabraut. Skrifstofan hefur það meginhlutverk að halda utan um bókhald félagsins og starfsemi þess eins og lög gera ráð fyrir. Á grundvelli þess skuldbindur félagið sig til að leggja fram ársuppgjör liðins árs um rekstur Skátafélagsins Hraunbúa og Ferðbúans og skila til æskulýðsfulltrúa

► Fylgiskjal 12 ◀

bls. 2/5

Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Fjárhagsáætlun félagsins og Ferðbúans varðandi rekstur fyrir komandi ár skal jafnframt skila til æskulýðsfulltrúa fyrir 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Á grundvelli ársuppgjörs og fjárhagsáætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir og óskað leiðréttinga á rekstri tafarlaust. Verði Hraunbúar ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða leiðréttingum er bæjarsjóði heimilt að stöðva greiðslur uns úrbætur hafa átt sér stað. Hraunbúar geta jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

5. gr.

Telji æskulýðsfulltrúi að Hraunbyrgi og skátasvæðin séu ekki rekin samkvæmt samningi þessum og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Hraunbúar ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbær heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum uns úrbætur hafa átt sér stað.

III. Afnot af skátaheimilinu Hraunbyrgi, skálum félagsins og útisvæðum

6. gr.

Hafnarfjarðarbær tekur á leigu sali, útisvæði og skála félagsins til tuttugu ára frá og með 01.01 2005 að telja, til notkunar fyrir skátastarf Hraunbúa og fyrir starfsemi bæjarins, í samræmi við ákvæði samnings þessa og þá fylgisamninga sem honum tengjast.

Hraunbúum er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum sem ætlaðir eru til afnota bæjarins í samráði við æskulýðsfulltrúa.

7. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum Hafnarfjarðarbæjar af Hraunbyrgi og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1, samningur um leigu á félagsaðstöðu, rekstur skrifstofu og samstarfsverkefni.

Fylgiskjal 2, samningur varðandi tjaldsvæði

Breytingar á fylgiskjöllum þessum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjöllum skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningnum sjálfum.

IV. Viðhald

8. gr.

Hraunbúar skulu sjá um allt viðhald og viðgerðir húsgagna, tækja og búnaðar með fullnægjandi hætti og á þann hátt að starfsemi hússins verði ekki fyrir truflunum. Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

9. gr.

Allt stærra viðhald Hraunbyrgis, þ.e. hússins og útisvæðisins, skal greitt af eigendum í samræmi við þinglýsta eignarhluta aðila. Húsfélag Hraunbyrgis skal ákveða hvenær þörf er á stærra viðhaldi og meta það í samráði við forstöðumann fasteignafélags bæjarins.

Til stærra viðhalds telst m.a.:

- Meiriháttar lagfæringar á gólfi
- Meiriháttar viðgerð á útveggjum og þaki
- Meiriháttar lagfæring á hitakerfi, loftræstingu, raf- og frárennislögnum
- Nauðsynlegar úrbætur til að mæta eldvarnar- og vinnuefirlitskröfum
- Viðgerð á útisvæðum og skálum

Húsfélag skal gera áætlun um stærra viðhald

► Fylgiskjal 12 ◀

bls. 3/5

næsta árs og skila til æskulýðsfulltrúa og forstöðumanns fasteignafélags fyrir 1. október ár hvert.

Allt stærra viðhald er háð samþykki Hafnarfjarðarbæjar og Hraunbúa.

V. Ýmislegt

10. gr.

Hafnarfjarðarbær skal eiga rétt á að nýta skátaheimilið Hraunbyrgi og skála félagsins í einstaka tilfellum án endurgjalds fyrir starfsemi eða upptökur á vegum bæjarins, þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi félagsins. Um slík afnot skal haft samráð við Hraunbúa og áform þar um tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

11. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2024. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi

rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri Hraunbyrgis breytast. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal fara fram eigi síðar en 1. október 2006 og mat lagt á rekstrarniðurstöðu liðins árs. Allar upphæðir í samningi þessum eða fylgiskjöllum hans eru bundnar vísitölu neysluverðs, nú 239,2 stig og skulu uppfærðar í janúar ár hvert.

12. gr.

Við undirritun þessa samnings fellur úr gildi fyrri rekstrar og samstarfssamningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Skátafélagsins Hraunbúa.

13. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 22. febrúar 2005

Fh. Skátafélagsins Hraunbúa

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

► Fylgiskjal 12 ◀

bls. 4/5

Fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Skátafélagsins Hraunbúa

Leiga á félagsaðstöðu og sal. Rekstur skrifstofu - samstarfsverkefni

1.0

Hafnarfjarðarbær skal leigja að minnsta kosti eftirfarandi fjölda tíma af Hraunbúum:

1.1 Skátafélagið Hraunbúar skal hafa afnot af 820 tímum á ári, nánar tiltekið að jafnaði 90 tíma á mánuði í níu mánuði frá kl. 16:00 til 22:00 fjóra virka daga í viku hverri. Auk þess á þeim tíma á daginn sem starf á vegum Hafnarfjarðarbæjar nýtir ekki sinn tíma. Á sumrin frá 1. maí til 15. ágúst skal ferðapjónusturekstur á vegum Ferðbúans hafa forgang að öllu húsnæði aðalbyggingar.

1.2 Hafnarfjarðarbær skal hafa afnot af sal, anddyri og eldhúsi í alls 200 tíma á ári. Á þeim tíma sem ekki skarast við skátastarf eða ferðapjónusturekstur. Æskulýðsfulltrúi skal sjá um nánari skipulagningu á tímanotkun Hafnarfjarðarbæjar í samráði við rekstrarstjóra. Leitast skal við að skipuleggja afnot eins langt fram í tímann og mögulegt er. Skátafélaginu er heimilt að ráðstafa ónotuðum tímum í samráði við æskulýðsfulltrúa. Engar kvaðir eru gerðar um viðveru húsnæðis eða annarra starfsmanna skátafélagsins á afnotatíma Hafnarfjarðarbæjar.

1.3 Barna og unglingsstarf á vegum Hafnarfjarðarbæjar skulu hafa afnot af 180 tímum í húsnæði félagsins á ársgrundvelli á þeim tíma sem skarast ekki við annað starf í húsnæðinu. Afnot skulu skipulögð fyrirfram í samráði við æskulýðsfulltrúa og rekstrarstjóra.

1.4 Öll umgengni um húsnæði skal vera með

þeim hætti að leitast sé við að skila húsnæðinu eftir hverja notkun í sama ástandi og tekið var við því. Æskulýðsfulltrúi eða aðili á hans vegum skal hafa lykil og aðgang að húsnæði vegna notkunar á húsnæðinu þegar starfsmaður er ekki á staðnum.

1.5 Árlegur leigutími á skátaheimili er því 1200 tímar, sem samsvarar að jafnaði 100 tímum á mánuði.

1.6 Vegna skátaskála við Krísvík og Kleifarvatn greiðir Hafnarfjarðarbær kr 200.000 fyrir hvorn skála, alls 400.000-. Skátafélagið hefur ótakmörkuð afnot af skálunum en starfsemi á vegum Hafnarfjarðarbæjar skal hafa afnotarétt á skálunum í samráði við rekstrarstjóra skátafélagsins.

2.0

Hafnarfjarðarbær skal greiða kr. 2.000 í leigu fyrir hvern tíma fyrir afnot af húsnæðinu að Hjallabraut 51. Kostnaður vegna þrifa er fyrir utan leigugjald.

Leigugjaldið greiðist í samræmi við meðaltalstölu skv. framansögðu (100 tímar) fyrirfram þrjá mánuði í senn en það samsvarar kr. 200.000 á mánuði.

3.0

Samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Hraunbúa eru Sumardagurinn fyrsti, störf unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar, flöggun á 17. júní og útbreiðslu og kynningu á skátastarfi.

3.1 Samvinna skal vera milli íþróttá- og tómsundanefndar um stefnumörkun í ofangreindum verkefnum.

► Fylgiskjal 12 ◀

bls. 5/5

3.2 Hafnarfjarðarbær greiðir Hraunbúum árlega vegna eftirtalinna verkefna:

- ▶ 3.2.1 Skráðgöngu og umsjá Sumardagsins fyrsta kr 200.000
- ▶ 3.2.2 Flöggun og aðstoð á 17. júní. kr 200.000
- ▶ 3.2.3 Umsjón og kynningu skátastarfs meðal barna og unglunga í Hafnarfirði kr 200.000.
- ▶ 3.2.4 Umsjón og verkstjórn með sumarvinnu unglunga í þjónustu félagsins, fyrir allt að kr. 1.900.000 sem er kostnaður Vinnuskólans við að halda úti flokkstjóra í tíu vikur og nemendum Vinnuskólans. Skátafélaginu er þó heimilt að hafa einn flokkstjóra að eigin vali á launum í allt að 20 vikur á ári hverju eða samkvæmt nánari samkomulagi hverju sinni.
- ▶ 3.2.5 Samráð skal haft við forstöðumann Vinnuskólans um tilhögun og útfærslu á sumarvinnu unglunga.

4.0

Árlegt framlag vegna rekstrar skrifstofu samkvæmt 3. gr. aðalsamnings skal vera kr. 1.000.000 á ári.

5.0

Lóðarleiga skal ár hvert afgreidd sem styrkur til félagsins frá Hafnarfjarðarbæ og mun æskulýðsfulltrúi sjá um millifærslur þar um samkvæmt samþykkt bæjarráðs.

6.0

Skátafélagið skal senda inn reikninga mánaðarlega eða skv. nánara samkomulagi.

Aðilar staðfesta hér með efni skjalsins með undirskrift sinni.

Hafnarfirði, 22.02 2005

Fh. Skátafélagsins Hraunbúa

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila :

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Fylgiskjal 13

bls. 1/2

Þjónustusamningur

skátafélagsins Heiðabúa og Reykjanesbæjar

Menningar, -íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT) og Skátafélagið Heiðabúa gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

1. Tilgangur og markmið.

Með samningi þessum er kveðið á um áherslur varðandi skátastarf í Reykjanesbæ og gagnkvæmar skyldur Reykjanesbæjar og Heiðabúa varðandi útfærslu á barna- og unglingsstarfi og öðru starfi á vegum skátafélagsins. Með samningnum er mótuð stefna í framkvæmd barna- og unglingsstarfs á vegum félagsins á gildistíma samningsins. Sýna skal fram á árangur af starfsemi í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

2. Hlutverk

Skátafélagið Heiðabúa er sjálfstætt félag og starfar samkvæmt eigin lögum ásamt lögum og markmiðum Bandalags íslenskra skáta. Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

3. Fjármál og gagnkvæmar skyldur

Við undirritun samnings skulu Heiðabúa leggja fram áætlun til þriggja ára um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingsstarfi á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri. Áætlunin skal endurskoðuð í september ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins.

- ▶ Samvinna skal vera á milli Heiðabúa og MÍT um stefnu- mörkun í skátastarfinu, þar sem m.a. verði komið inn á áherslur og markmið beggja aðila t.d. varðandi hugsanlega þátttöku Heiðabúa í Fristundaskóla Reykjanesbæjar.
- ▶ Á gildistíma samningsins greiðir MÍT Heiðabúum kr. 1.480.000.- (ein milljón fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur) vegna eftirfarandi:
 - A) Þjóðhátíðardagur vegna skrudgöngu og fánahyllingar.
 - ▶ kr. 200.000.-
 - B) Ljósanótt vegna uppsetningar á tjaldbúðum og kynningar á starfsemi félagsins.
 - ▶ kr. 50.000.-
 - C) Prettándafagnaður vegna skrudgöngu, kyndilburðar og til hlutverkaleikja í skrudgöngu og við álfabrennu.
 - ▶ kr. 100.000.-
 - D) Sumardagurinn fyrsti, m.a. vegna aðstöðu í Reykjaneshöll og hátíðarhalda sem þeir skipuleggja á þessum degi, þ.m.t. skrudganga.
 - ▶ kr. 100.000.- (+ dagsleiga í Reykjaneshöll ef óskað er)
 - E) Smíðavöllur. Rekstur samkvæmt samningi við Vinnuskólann.
 - ▶ kr. 450.000 auk þáttökugjalda.
 - F) Kynning á skátastarfi innan Fristundaskólans.
 - ▶ kr. 100.000.-
 - G) Efling á innra starfi í Heiðabúum og kynningarstörfum.
 - ▶ kr. 200.000.-
 - H) Leiðtogaþjálfun og fræðsla fyrir skátaforingja.
 - ▶ kr. 100.000.-

► Fylgiskjal 13 ◀

bls. 2/2

- I) Niðurfelling fasteignagjalda á skátahúsinu við Hringbraut.
 - kr. 80.000.-
- J) Sláttur og umhirða á lóð skátahússins við Hringbraut.
 - kr. 100.000.-

4. Gildistími samnings.

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember árið 2004. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum innan þess tíma.

Reykjanesbæ _____ 2004.

Fyrir hönd MÍT

Fyrir hönd Heiðabúa

► Fylgiskjal 14 ◀

Foreldrastarf

Hér á eftir eru nokkur dæmi um foreldrastarf:

- ▶ Félaginu er skylt að senda inn á heimilin starfsáætlun sveitanna og ásamt upplýsingum um fundarstað og tíma, nöfn, heimilisföng og símanúmer félags-, deildar-, sveitar- og flokksfóringja. Sveitarfóringjum er einnig skylt að senda til foreldra útilegu- og ferðaáætlanir þar sem fram kemur brottfarar- og komutími ásamt lista yfir útbúnað og sundurliðaðri kostnaðaráætlun ef tekið er gjald.
- ▶ Félagið og/eða sveitin gefur út blað eða opnar heimasíðu. Blaðið er fyrst og fremst ætlað foreldrum og skátunum og því fjallar það einna helst um starfið í sveitunum.
- ▶ Haldinn er foreldrafundur þar sem sveitarfóringi skýrir foreldrum frá starfsáætlun sveitarinnar og starfsaðferðum skáta.
- ▶ Skátadagar geta verið gagnlegir og þar má sýna bæði foreldrum og almenningi hvernig sveitin eða félagið starfar.
- ▶ Fjölskyldudagur sveitarinnar, þar sem allir fara t.d. í fjallgöngu með markferðaverkefnum eða jafnvel keppni í skátaíþróttum fyrir alla fjölskylduna, getur haft mikið að segja um skilning foreldra á starfsaðferðum skáta.
- ▶ Gaman er að halda fjölskyldubingó eða félagsvist þar sem allir leggja sitt af mörkum til veitinga.
- ▶ Leitað er eftir aðstoð foreldra við lausn einstakra verkefna. Þetta getur verið kennsla eða bein aðstoð í útilegu eða dagsferð.
- ▶ Félagið stendur fyrir fjölskyldubúðum í tengslum við skátamót, t.d. landsmót og heimsóknir foreldra á útilegustaði.
- ▶ Ef ástæða þykir er hægt að stofna foreldrafélag eða foreldraráð. Foreldrafélögin aðstoða skátanfóringjana og styðja við störf sveitarinnar, t.d. við fjáraflanir, akstur, skálavörslu, efnisúttegun og hvatningu við störf sveitarfóringja.
- ▶ Flokksfundur á heimili. Sveitarfóringi ætti að hvetja foreldra til að bjóða flokki barns síns heim til fundarhalds, t.d. í sambandi við afmælisdag eða einhverjar hátíðir.
- ▶ Skoðanakannanir, sem gefa til kynna hug foreldra gagnvart hinum ýmsum þáttum skátastarfsins, geta verið öflugt hjálpartæki.

► Fylgiskjal 15 ◀

Viðhorfskönnun

Samstarf við foreldra:

Hér er dæmi um spurningalista þar sem foreldrar eru beðnir um að meta starf skátafélagsins:

Viðhorfskönnun meðal foreldra

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum og skilaðu þeim að foreldrafundi loknum. Þátttaka þín er mikilvæg til þess að stuðla að því að skátastarfið verði öflugra og skátinn þinn verði glaðari í starfi.

Hvað finnst þér barnið þitt „græða“ helst við þátttöku í skátastarfi?

Hverjir finnst þér vera helstu styrkleikar skátastarfsins ?

Hvað finnst þér að helst mætti betur fara í starfi félagsins?

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

► Fylgiskjal 16 ◀

Samstarfslýsingar

Samstarf við erlend og/eða innlend skátafélög

Skátafélagið Tjaldbúar er í miklu samstarfi við skátafélagið Fjallbúa. Foringjar þess skiptast á hugmyndum, farið er í sameiginlegar sveitarútilegur að vetri sem og sameiginlegar tjaldútilegur að sumri. Auk þess halda félögin sameiginleg námskeið.

Tjaldbúar eru einnig í samstarfi við Skátafélagið

Cserkész í Ungverjalandi. Dróttskátar í félögunum skiptast á að koma í heimsókn á hverju ári. Einnig eiga foringjar úr báðum félögum þess kost að heimsækja hitt landið og dvelja þar í lengri eða skemmri tíma til að kynna menningu og skátastarfi í öðru landi.

► Gæðamat ◀

bls 1/5

Gæðamat skátafélagsins

* Skipulag félags

- Lög og stefna félags
- Skipurit
- Stjórn
- Aðalfundur
- Foringjaráð
- Ýmsir verkefnahópar (s.s. fararstjórnir, fræðsluforingi og fleira): Starfslýsingar.

Já Nei

- Hefur félagið lög? (Afrít sendist til BÍS)
- Hefur skátafélagið skipurit og er farið eftir skipuritinu? (Afrít af skipuriti sendist til BÍS)
- Var starfandi félagsforingi sem bar ábyrgð á starfinu?
- Hittist félagsstjórn að minnsta kosti fjórum sinnum á starfsárinu?
- Voru haldnar fundargerðir?
- Voru fundargerðirnar aðgengilegar skátum í félaginu?
- Var haldinn aðalfundur í félaginu?
- Var öllum reikningum og skýrslum skilað á aðalfundi?
- Var fundarboð sent til allra sem seturétt áttu á fundinum?
- Var dagskrá aðalfundar send með fundarboðinu?
- Voru dróttskátar og aðrir foringjar hvattir til að mæta á fundinn?
- Var starfandi foringjaráð/félagsráð í félaginu?
- Hittist foringjaráðið/félagsráðið að minnsta kosti einu sinni í mánuði?
- Voru haldnar fundargerðir?
- Skipaði stjórn verkefnahópa eða verkefnastjóra fyrir afmörkuð verkefni?
Hvaða verkefnahópar/stjórar voru skipaðir?
1. _____
2. _____
3. _____
- Eru til starfslýsingar á verkefnum stjórnarmeðlima, foringja og verkefnahópa? (Afrít sendist til BÍS)
- Var starfsmaður starfandi hjá félaginu?
Hvert var starfshlutfall hans? _____%

► Gæðamat ◀

bls 2/5

* Starf félagsins

- 5 ára áætlun félagsins
- Starfsáætlun komandi starfsárs
- Félagatal
- Nýir félagar

Já Nei

- Hefur félagið gert 5 ára áætlun (Afrít sendist til BÍS)
- Hefur félagið uppfært áætlun sína árlega?

- Hefur félagið gert starfsáætlun fyrir komandi starfsár? (Afrít sendist til BÍS)

- Var haldin félagaskrá með nöfnum, fæðingarári, heimilisföngum og tölvupóstföngum félaga?
(Sendist BÍS árlega)

- Var gerð áætlun um nýliðun í félaginu?

Hversu margir nýliðar gengu til liðs við félagið í eftirtöldum aldurshópum á síðasta starfsári:

Ljósálfar: _____

Ylfingar: _____

Skátar: _____

Dróttskátar: _____

Eldri skátar: _____

Gæðamat

bls 3/5

* Fjármálastjórn

- Fjárhagsáætlun
- Eignaskrá og ávöxtun
- Árgjöld félagsins
- Fjáraflanir og styrkir

Já Nei

- Var gjaldkeri sem bar ábyrgð á fjármálum félagsins?
- Voru ársreikningar skoðaðir af utanaðkomandi aðila?
- Var fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn?
- Er eignaskrá til staðar?
- Er áætlun um viðhald og frekari uppbyggingu til staðar?
- Voru eignir skátafélagsins tryggðar?
- Voru eignir skátafélagsins ávaxtaðar (t.d. sjóðir, bankabækur, hlutabréf osfrv.)?

- Voru innheimt árgjöld á liðnu starfsári?

Hversu há voru árgjöldin?

_____kr.

Hvað var innifalið í árgjöldum?

Hversu hátt hlutfall árgjalda innheimtist?

____%

- Greiddi félagið félagsgjöld til BÍS?

- Hélt félagið fjáröflun á liðnu starfsári?

Hversu hátt hlutfall tekna félagsins á síðasta ári var aflað með fjáröflunum?

____%

- Leitaði skátafélagið eftir styrkjum til skátastarfsins t.d. hjá sveitarfélaginu, styrkjakernum eða fyrirtækjum?

Hversu marga styrki var sótt um? _____

Hversu marga styrki fékk félagið? _____

Hversu háir voru styrkirnir sem fengust? _____

Gæðamat

bls 4/5

* Fræðslumál/menntun

- Fræðsluforingi
- Hæfniskröfur foringja
- Símenntunaráætlun félagsins
- Friðar, umhverfis- og forvarnarstefna
- Útivist

Já Nei

- Var fræðsluforingi starfandi í félaginu?
- Var gerður listi yfir námskeiðsþörf næstu ára?
- Var til yfirlit um stöðu fræðslumála á rafrænu formi? (Afrít sent BÍS)

- Standast allir foringjar reglugerð um hæfi skátaforingja?
- Hafa allir foringjar undirritað drengskaparheit foringja?

- Hefur félagið símenntunaráætlun?
- Var félagið með markmið í friðarmálum?
- Fá skátarnir í félaginu markvissa kynningu á annarri menningu en íslenskri?

- Hefur félagið umhverfisstefnu sem farið er eftir?

Vinsamlegast merkið við þá liði sem við eiga:

- Sorp er flokkað í skátaheimilinu
- Sorp er flokkað í ferðum félagsins
- Sorp er flokkað í öðrum atburðum á vegum félagsins
- Reynt var að spara orku í skátaheimilinu
- Reynt var að spara orku í ferðum félagsins
- Félagið vann að umhverfisvernd á annan hátt.

Hvaða? _____

- Hefur félagið forvarnarstefnu? (Afrít sendist til BÍS)
- Hefur félagið skilgreint verkferli ef til kemur brot á þessari forvarnarstefnu? (Afrít sendist til BÍS)

- Fór félagið í félagsútilegu?
- Var gerð útivistaráætlun?
- Voru skátasveitir hvattar til að stunda útilíf og fara í sveitarútilegur?

► Gæðamat ◀

bls 5/5

* Samstarf

- Stefna og lýsing á samstarfi við BÍS, skátasambönd og slysavarnarfélagið Landsbjörg
- Stefna og lýsing á samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir
- Stefna og lýsing á samstarfi við önnur æskulýðsfélög
- Stefna og lýsing á samstarfi og samskiptum við foreldra

Já Nei

- Hefur félagið samstarf við BÍS eða skátasambönd?
- Félagið hefur samstarf við aðildareiningu/félagseiningu slysavarnarfélagsins Landsbjargar
- Hefur félagið stefnu varðandi samstarf við sveitarstjórnir og stofnanir?
- Hefur félagið stefnu og lýsingu á samstarfi við foreldra?

Vinsamlegast merkið við þá liði sem eiga við?

- Í félaginu er starfandi eining fyrir foreldra?
- St. Georgsgildi eða önnur sambærileg eining er starfandi á starfssvæði skátafélagsins

- Hefur félagið samskipti við erlend skátafélög eða sveitir?
- Hefur félagið komið sér upp vinafélagi/félögum?

Ef já:

Ef vinafélagið er íslenskt hvaða félag er það? _____

Ef vinafélagið er erlent, í hvaða landi er það? _____

- Hefur félagið reynt að ná til ungmenna af erlendum uppruna?